



100 enskunámskeið

Bls. 45

150 sérsniðin tölvunámskeið

Bls. 23

Aðvörun til foreldra

Bls. 10

Viltu fara í nám með vinnu

Bls. 28

Stöppum stálinu hvert í annað

Bls. 35

Rökkur og rólegheit

Bls. 40

Lægsta verð til útlanda

– aðeins 16,50 kr. mínútan



HVÍTA HÚSID / SÍA



Nú býðst þér að borga minna fyrir millilanda-símtölin en áður. Það eina sem þú þarft að gera er að hafa samband við Línu.Net í síma 595-1200 og láta skrá þig í millilandapjónustu Símalínu Línu.Nets. Einnig getur þú gerst

áskrifandi að þjónustunni með enn skjótari hætti með því að skrá þig á www.lina.net. Lína.Net býður meðal annars upp á símtöl til 19 helstu viðskiptalanda Íslands á aðeins 16,50 kr. á mínútuna. **Ekkert tengigjald!**

Útgefandi:

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1

Ábyrgðarmaður

Sigurður Bessason

Ritstjóri

Þráinn Hallgrímsson

Blaðamenn

Sigrún Hafstein
Róbert Ágústsson

Ritstjórn

Guðmundur Þ. Jónsson
Sigurður Bessason
Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Starfsmenn á skrifstofu

Fjóla Jónsdóttir
Garðar Vilhjálmsson
Guðmundur Þ. Jónsson
Guðrún Kr. Óladóttir
Hildur Kjartansdóttir
Hjálmarfríður Þórðardóttir
Hjördis Baldursdóttir
Hjördis Þorsteinsdóttir
Hulda Hafsteinsdóttir
Ingunn Þorsteinsdóttir
Kristín Margrét Sigurðardóttir
Kristjana Valgeirsdóttir
Sigurður Bessason
Sigurlaug Gröndal
Sveinn Ingvason
Tryggvi Marteinsson
Viktória Jensdóttir
Þórdís Andrésdóttir
Þórir Guðjónsson
Þórunn Sveinbjörnsdóttir
Þráinn Hallgrímsson

Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta

Björk Stefánsdóttir
Elín Baldursdóttir
Hallsteinn Friðbjófsen

Starfsafl

Marianna Traustadóttir

Útlit og umbrot

Einn, tveir og þrír, auglýsingastofa

Prentun og bókband

Oddi hf.

Auglýsingar

Hænis sf

Ljósmyndir og aðstoð við útgáfu

Róbert Ágústsson

Forsíðumynd:

Guðni Guðjónsson

Aðsetur

Efling-stéttarfélag
Sættúni 1
Sími 510 7500/fax 510 7501

Úthlutunarnefnd

Útborgun atvinnuleysisbóta er annan hvern fimmtu-
dag. Atvinnuleysisbætur eru greiddar inn á bankareikn-
ing viðkomandi.

Sími úthlutunarnefndar er 510 7510
myndsendir: 510 7511

Skref inn í nýja öld

Efling – stéttarfélag kynnir með þessu blaði viðamestu dagskrá í fræðslumálum sem félagið hefur lagt útí. Við sameiningu stéttarfélagana var það eitt af fyrirheit-
um að efla menntun félagsmanna. Í síðustu samningum stóðu menn þétt saman
um að byggja markvisst upp starfsmenntun á samningstímanum. Nú er árangur
farinn að líta dagsins ljós. Sérhæft nám er nú hafið í hópum innan raða Eflingar
sem ekki hafa átt kost á fræðslu fyrr s.s. fyrir starfsmenn við hafnarvinnu,
mötuneytum, bensínafgreiðslu og í vöruskemmum eða starfsmenn við mál-, vél-
tækni og framleiðslugreinar. Við erum einnig að bjóða félagsmönnum upp á
möguleika á almennu námi eins og GrunnMenntaskólanum sem er 300 tíma nám.
Þar opnast leiðir margra til að auka almenna starfshæfni og leggja um leið grunn
að frekara námi ef þess er óskað.

Með samningum við Tölvuskóla Reykjavíkur annarsvegar og MFA hinsvegar
býður Efling fram tugi námskeiða í tölvum og enskunámi á sérverði til félags-
manna sem samsvarar verði tveggja bíómiða. En þekking á tölvum og í tungumál-
um er að verða grunnþekking sem vinnumarkaðurinn og samfélagið almennt
krefst í vaxandi mæli.

Efling-stéttarfélag má vera stolt af því að geta á svo myndarlegan hátt stutt við
bakið á félagsmönnum við að skapa sér aðstæður til betri kjara og meiri lífsfylling-
ar. Félagsmennirnir mega einnig vera ánægðir með að ákvörðunin sem þeir tóku
um að sameina félögin var ein af mikilvægustu forsendum fyrir svo öflugum starfi í
menntamálum

Gegn svörtum sauðum

Í fréttablaðinu að þessu sinni er fjallað um tvö mál sem bæði snúast um van-
efndir og svik eigenda veitingastaða gagnvart launafólki. Því miður er það svo að
allmargir óheildarlegir atvinnurekendur í þessari atvinnugrein hafa komist upp
með sviksamlegt athæfi gagnvart starfsfólki sínu. Það er dapurlegt að oftar en ekki
er um ungt skólafólk að ræða sem lendir í þessum málum. Aldrei verður of oft
brýnt fyrir launafólki bæði félagsmönnum og þeim sem koma inná vinnumarkað-
inn í styttri tíma að afla sér góðra upplýsinga um atvinnurekendur hjá Eflingu eða
starfsfólki veitingastaðanna. Þá er mikilvægt að gæta þess að halda utan um laun-
seðla og skráningu vinnutíma. Jafnframt hvetjum við launamenn að gæta sín á
gerviverktöku þar sem tilgangur atvinnurekenda er sá einn að hafa af launafólki
þau réttindi og launakjör sem samningar stéttarféлага veita. Síðast en ekki síst
þarf fólk að fylgjast með því að afdregnum launatengdum gjöldum og sköttum sé
skilað á réttum tíma. Sérstök ástæða er til að vekja athygli foreldra á að fylgjast vel
með launakjörum og réttindum ungs fólks sem það ber ábyrgð á. Yfirvöld ættu
að sameinast um það með stéttarfélögum að hefja skipulagðar aðgerðir gegn þess-
um svörtu sauðum og kennitöluflokkurum í röðum atvinnurekenda.

EFNISYFIRLIT

Björn Bjarnason	4	Viltu fara í nám með vinnu?	28
Staða mín er allt önnur og betri	8	Þetta er gott framtak	31
Avörün til foreldra	10	Félagsliðanámið að veruleika	32
Raunasaga ungs manns	12	Stöppum stálinu hvert í annað	36
Réttur til styrkja	14	Rökkur og rölegheit	40
Landnemar	18	Hvað segja trúnaðarmenn	42
Bensínafgreiðslumenn	22	Tófrar Tékklands	46
150 sérsniðin tölvunámskeið	23	Þorpið hennar Heiðu	50
Margt sem heillaði okkur	26	Mun gleðjast með hverjum einasta	52



Björn Bjarnason, menntamálaráðherra

Allt launafólk eigi aðgang að menntun og þjálfun

Björn Bjarnason, menntamálaráðherra

Starfsmenntun hefur verið vaxandi verkefni hjá stéttarfélögum launafólks. Skólakerfið er ekki sá endanpunktur í menntun launafólks sem það var fyrir 20 árum og hver einasti launamaður finnur fyrir því að störfin breytast og gera auknar kröfur um leið og ný verkefni kalla á meiri menntun og þjálfun. Launafólk þarf að vera tilbúið að skipta oft um starf á lífsleiðinni. Þetta kallar á stöðuga endurmenntun og aukið samstarf samtaka launamanna og menntamála-yfirvalda. Björn Bjarnason, menntamálaráðherra, hefur verið ótrauður í að viðra skoðanir sínar og vakið athygli fyrir skelegga framsetningu í málum sem heyra undir ráðuneyti hans. Þar sem þetta blað er helgað menntamálum er vel við hæfi að ræða við ráðherrann um ýmsa þætti fræðslumála sem koma launafólki við. Við inntum ráðherra fyrst eftir því hvort hann teldi auðveldara fyrir launafólk með stutta skólagöngu að baki að nálgast fræðslu nú en fyrir 10 árum.

- Tvímálalaust hafa opnast fleiri leiðir til náms nú en áður var, bæði á vegum einka- og opinberra aðila, ásamt því sem námsleiðir eru fjölbreyttari. Má hér nefna ýmsa einkaskóla sem stofnaðir hafa verið á undanförunum árum og bjóða nám í upplýsingatækni, rekstargrein-

um o.fl.. Símenntunarmiðstöðvar hafa verið stofnaðar í öllum landshlutum ásamt uppbyggingu fræðsluneta sem veita aðgang að námi með fjarkennslusniði.

Þá var í síðustu kjarasamningum samið um sérstaka starfsmenntasjóði fyrir ófaglærða sem ég tel mjög jákvæða þróun. Þessir sjóðir opna ný tækifæri til menntunar og hafa það hlutverk að styrkja sérstaklega launafólk með skemmri skólagöngu að baki til að afla sér viðbótarmenntunar.

Hvað vilt þú segja um að vaxandi bil sé milli þeirra sem hafa tök á tækninni og hinna sem hafa ekki þessa þekkingu?

- Á flestum sviðum eru störfin að verða tæknivæddari og flóknari enda breytingar og framfarir mjög örar. Þetta krefst þess að starfsfólk eigi auðvelt með að laga sig að breytingum og tileinka sér nýjungar. Það gefur því augaleið að nauðsynlegt er að starfsfólk eigi aðgang að menntun og þjálfun sem gerir þeim kleift að uppfylla þær kröfur sem starfið gerir. Hlutverk skólakerfisins er fyrst og fremst að veita haldgóða undirstöðumenntun svo að fólk sé vel í stakk búið til að stunda símenntun og viðbótarmenntun allt lífið.

Það má e.t.v. segja að það hafi myndast bil á

MÍMIR

TÓMSTUNDASKÓLINN

Tungumál

Dagnámskeið

Myndlist

Tölvunámskeið

Fyrstu námskeið

á haustönn

2001

hefst 19. september

Barna- og unglinganámskeið

Starfsmenntaskólinn

Saumar og þrjón

Tómstundir

Menning og mannrækt

Matur og vín



EINN TVEIR OG ÞRIR 4.079

Sími: 588 72 22 • www.mimir.is



milli þeirra sem hafa náð tökum á tækninni og þeirra sem ekki hafa tileinkað sér nýja tækni. Líklega á fólk með stutta skólagöngu að baki erfiðara með að tileinka sér þessa nýju tækni og óttast hana jafnvel, en það er þó alls ekki einhlítt, en það er brýnt að skapa öllum tækifæri til að ná tökum á nýrri tækni

Hver er framtíð framhaldsskólans, mun hann opnast meira gagnvart atvinnulífinu eða einangrast hann?

- Ég hygg að á undanförunum árum hafi framhaldsskólinn verið að opnast gagnvart atvinnulífinu og ekkert bendir til að hann sé að einangrast, þvert á móti. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá árinu 1996 hafa skólarnir heimild til þess að bjóða endurmenntunarnám-skeið eða annars konar nám í samvinnu við stéttarfélag, atvinnurekendur eða aðra hagsmunahópa. Þetta hafa skólarnir verið að gera. Auk þessa hafa framhaldsskólarnir í auknum mæli verið að bjóða fram nám í fjarkennslu á hinum ýmsu brautum. Öldungadeildir (kvöldskólar) sem reknar eru við marga framhaldsskólana bjóða nú mun fjölbreyttara nám fyrir fullorðna en áður. Þróunin hefur verið í þá átt að skólarnir hafa aukið námsframboð sitt og bjóða nám samkvæmt námskrá framhaldsskólans og einnig eru einstök námskeið í boði. Að lokum má nefna að allir framhaldsskólarnir á landsbyggðinni eiga aðild að símenntunarmiðstöðvunum hver á sínu svæði og vinna gjarnan

Ef atvinnulífið hefur áhuga á og getur sýnt fram á að það hafi burði til þess að reka starfsmenntaskóla þá er ég tilbúinn að ræða það



í samvinnu við þær. Allt þetta tel ég benda til þess að framhaldsskólarnir séu fremur opnast meira gagnvart atvinnulífinu og einstaklingunum, óháð búsetu.

Oft er horft til Danmerkur að fyrirmyndum í starfsmenntamálum þar sem aðilar atvinnulífsins koma með mjög virkum hætti að stjórnun og stefnumótun í starfsmenntaskólum (AMU – skólum) við hlið formlegra opinberra iðnmenntaskóla. Hvert er álit þitt á því kerfi?

-Ég aðhyllist ekki þá leið sem farin hefur verið í Danmörku, en þar má segja að tvöfalt kerfi sé við lýði. Ég tel að við eigum að einbeita okkur að því að gera starfsmenntaskólana sem þegar eru í rekstri enn betri en þeir eru. Hins vegar er ekkert sem segir að atvinnulífið geti ekki komið að rekstri skólanna. Ég tel það ekkert sálhjálpatriði að skólarnir séu reknir af hinu opinbera þótt það greiði fyrir rekstur þeirra. Ég tel að við eigum ávallt að vera opin fyrir því að skoða nýjar leiðir í rekstri skólanna. Ef atvinnulífið hefur áhuga á og getur sýnt fram á að það hafi burði til þess að reka starfsmenntaskóla þá er ég tilbúinn að ræða það. Reyndar hefur verið rætt við fulltrúa atvinnulífsins um að það taki að sér rekstur tiltekinna starfsmenntaskóla þótt ekki hafi fengist niðurstaða í þeirri umræðu.

Hversu mikilvægt telurðu að fulltrúar atvinnulífs (atvinnurekenda og launamanna) komi að stjórnun á starfsmenntun?


-Ég tel mjög mikilvægt að fulltrúar atvinnulífsins séu með í ráðum um hvað kennt er í starfsmenntun. Samkvæmt lögum um framhaldsskóla frá 1996 hafa 14 starfsgreinaráð verið stofnuð og allar starfsgreinar eiga aðild að starfsgreinaráðum sem gera tillögur til ráðherra um hvað kennt skuli í starfsmenntun. Samkvæmt lögum eiga fulltrúar atvinnulífsins mikinn meirihluta í starfsgreinaráðunum. Það er mjög brýnt að aðilar atvinnulífsins átti sig á þeim tækifærum sem þeir hafa til þess að móta starfsmenntun með setu sinni í starfsgreinaráðum. Ég hygg að með meirihluta í starfsgreinaráðum sé atvinnulífinu tryggð viðunandi áhrif á starfsmenntun án tillits til þess hver rekur skólana.

Er það hlutverk ríkisvaldsins eða atvinnulífsins að sjá um fjármögnun á námi þeirra sem hafa ekki farið í nám eftir grunnskóla en vilja taka upp þráðinn síðar („annað tækifæri til náms“)?

- Þessari spurningu er ekki einfalt að svara og hún er víða til umræðu. Ég tel að það hljóti að verða sameiginlegt viðfangsefni stjórnvalda, verkafélaga, atvinnurekenda og viðkomandi einstaklinga að komast að niðurstöðu um hvaða leiðir sé skynsamlegast að fara til að fjármagna „annað tækifæri til náms“ ef samþykkt verður að lögleiða það hér eins og sumar þjóðir hafa gert. Raunar höfum við enga slíka löggjöf í smíðum og hefur ekki verið sérstaklega þrýst á, að hún komi til sögunnar.

Viltu leika við augað?

(Einblíndu á miðjuna og færðu þig svo nær)



Því ekki að drífa sig?

Innritun á haustönn er að hefjast

skúlptúr - keramik - teikning
módelteikning - vatnslitir - málun

Árni Haukdal Kristjánsson tókst á við afleiðingar vinnuslyss með menntun

Staða mín er allt önnur og betri



Í ágúst í fyrra birtist viðtal við ungan fjölskyldumann, Árna Haukdal Kristjánsson sem hafði unnið til fjölda ára sem verkamaður hjá Slippnum við Reykjavíkurhöfn. Eftir afleiðingar vinnuslyss varð hann óvinnufær til verkamannastarfa í Slippnum. Hann hafði mikinn vilja til að mennta sig til að lenda ekki í viðjum fátæktar sem er oftast afleiðing örorku. Eftir að hafa hugsað málið ákvað hann að sækja um nám í vefsíðugerð hjá Margmiðlunarskólanum og fékk inngöngu. Árni sótti um styrk hjá fræðslusjóði Eflingar stéttarfélags og var ánægður með jákvæð viðbrögð þar því mikið var í húfi fyrir hann og fjölskyldu hans. Við hittum Árna á dögnum og spurðum hvernig honum gengi.

Ég fékk góðan stuðning frá Eflingu sem kom sér náttúrulega vel og ég er mjög ánægður með því þetta nám kostaði 900.000 þúsund fyrir veturinn sem er nokkuð dýrt. Ég hóf námið í ágúst í fyrra sem tekur eitt til tvö ár og þurfti að læra á fjölmörg forrit sem maður þekkti hvorki haus né sporð á og það var talsvert erfitt til að byrja með því ég hafði engan bakgrunn. En eftir áramót komst ég á gott skrið og námið gekk vel af því að maður lagði allt undir þá var svolítill kvíði í mér í allan vetur vegna þess að það eru gerðar miklar kröfur t.d. þarf maður að fá yfir 6 í öllum greinum og það er náttúrulega ekki skemmtilegt að falla og vera búinn að leggja allt undir. En flestir eru með kostnaðinn á fimm ára láni og voru alltaf meðvitaðir um að þeir höfðu ekki efni á því að falla.

Upp úr áramótum fann ég að það var að koma kreppa í vefsíðubransann og nemendur áttu mjög erfitt með að fá vinnu eftir útskrift. Og jafnvel loforð sem þeir höfðu upp á vasann klikkuðu af því að fyrirtækin voru hætt að starfa. Þetta var náttúrulega mjög slæmt því að væntingar voru miklar sérstaklega hvað varðar vefverslun. Fyrirtæki spruttu upp eins og gorkúlur en síðan hættu þau af því að það hefði komið í ljós að fólk verslar ekki á netinu sem það getur keypt úti í búð.

Pannig að þar sem ég var einn af þeim sem fékk enga fasta vinnu í sumar þá hef ég reynt að nýta sumarið í að undirbúa mig fyrir næsta vetur og endurmeta námsmöguleika mína samhliða því að ég hef tekið að mér nokkur verk efni heima.

Helst hefði ég viljað fara í Háskóla Reykjavíkur og læra kerfisfræði sem er alveg skothelt nám og maður fengi allstaðar vinnu. En ef það bregst held ég áfram í Margmiðlunarskólanum. Staða mín er allt önnur og betri en hún var fyrir ári síðan.

Þá var búið að dæma mig úr leik í verkamannavinnu. Það er kannski ágætt að það komi fram að til stóð fyrir næsta vetur að fá viðurkenningu á að námið í Margmiðlunarskólanum væri á háskólastigi. Þá yrði það lánsheft og einnig mundu skólagjöldin lækka verulega sem hefði mikla þýðingu. Í lokin vil ég hvetja fólk sem einhverja hluta vegna dæmist úr leik á vinnumarkaði að fara og læra eitthvað ef það mögulega getur.

Ég vil hvetja fólk sem dæmist úr leik á vinnumarkaði að læra eitthvað





gorenje
pininfarina



Frá Ferrari til Gorenje

á leið inn í nýja öld!

Nýja heimilistækjalínan frá Gorenje er hönnuð af sjálfum Pininfarina, aðalhönnuði Ferrari. Við hönnun Gorenje fékk hann algjörlega frjálsar hendur og er útkoman eftir þvíf, stílhrein, sígild hönnun með stáláferð sem er bæði búin lúxus og nýjustu tækni.

RÖNNING

Borgartúni 24 • Reykjavík • Sími: 562 4011 og Óseyri 2 • Akureyri • Sími: 460 0800



Ljótt mál í veitingageiranum

Aðvörðun til foreldra

- Rætt við Guðnýju Ólafsdóttur og Ómar Þór Gunnarsson vegna samskipta sonar þeirra Gunnars H. Ómarssonar við rekstraraðila veitingastaðarins Pizza Inn við Arnarbakka í Breiðholti.

Gunnar H. Ómarsson varð fyrir heldur nóturlegri reynslu á vinnumarkaði í vor þegar hann hóf störf á veitingastaðnum Pizza Inn. Eflingarblaðið ræddi við foreldra hans, þau Guðnýju Ólafsdóttur og Ómar Þór Gunnarsson sem vilja vara foreldra við óþrúttum atvinnurekendum á borð við eiganda Pizza Inn. Frásögn þeirra fer hér á eftir.

Sonur okkar Gunnar sem er 17 ára hóf störf á veitingastaðnum Pizza Inn við Arnarbakka í Breiðholti 30. apríl síðastliðinn. Þetta var sama dag og hann fékk bílprófsskírteinið afhent sem hann hafði beðið mjög spenntur eftir til að geta byrjað að vinna. Starfið var aðallega fólgið í að sendast með pizzur á bíl sem fyrirtækið útvegaði honum en einnig gekk hann í önnur störf sem til féllu. Hann var í skóla þegar þetta var og vann þess vegna mest á kvöldin og um helgar. Launin sem voru í boði var tímakaup upp á 650 krónur sem honum var sagt að ætti jafnt við fyrir dagvinnu, næturvinnu og helgarvinnu en okkur skilst að svona útfærsla á launum sé brot á kjarasamningi.

Svik í tafli

Parna vann Gunnar sem sagt allan maímánud með skólanum og líka meðan prófin stóðu yfir og lagði sig allan fram. Um mánaðarmótin maí/júní átti hann von á að fá greidd laun en þau komu ekki. Og þegar hann fór að athuga málið reyndist mjög erfitt að ná í eigandann. Þegar vika var liðin af júní náðist loksins í manninn og þá var Gunnari sagt að hann fengi útborgað daginn eftir sem var svo svikið.

Það var ekki fyrr en þrem dögum seinna sem hann fékk launaseðilinn og þá kom í ljós að nafnið hans var vitlaust skrifað og kennitalan var röng, launataxtinn var rangur og skráðir vinnutímar allt of fáir og þar að auki stóð á seðlinum að launin væru greidd í peningum en hann fékk enga peninga og þau voru ekki lögð inn á reikning.

Pannig að Gunnar fór aftur af stað til að tala við rekstraraðilann og eftir aðra þrjá daga náðist loksins í hann og þá var honum sagt að staðurinn væri farinn á hausinn og að hann skildi bara láta ríkið borga sér launin. Pannig að hann var launalaus eftir tæplega eins og hálf mánaðar vinnu og atvinnulaus í þökkabót sem er mjög sárt fyrir ungan mann sem stefnir á að afla sér góðra tekna með sumarvinnu.

Þegar þetta gerðist var staðurinn ennþá í rekstri en honum var svo lokað skömmu seinna.

Við höfðum samband við starfsmann hjá Eflingu-stéttarfélagi sem tók málið að sér og nú hefur rekstraraðili Pizza Inn fengið senda kröfu vegna ógreiddra launa að upphæð samtals 153.220 en það skal segjast eins og er að við gerum okkur litlar vonir með að krafan fái greidd því að okkur skilst að þannig sé það bara í þessum bransa þar sem óheiðarlegir atvinnurekendur gera út á ríkissjóð.

Parf að borga með sér

Svona til að kóróna þetta mál þá var hringt í son okkar sama kvöld og Eurovisionkeppnin var í sjónvarpinu og hann beðinn að fara í sendiferð með pizzu upp í Árbæ. Á leiðinni var hann stöðvaður af lögreglu vegna lélegs ljósabúnaðar á bílnum sem hann var á og fyrir skömmu fékk hann svo sendan sektarmiða upp á rúmar fimm þúsund krónur sem hann þurfti að greiða sjálfur þótt Pizza Inn ætti bílinn og sæi um allan rekstur á honum. Að fenginni þessari reynslu viljum við beina því til foreldra að hafa samband við starfsfólk Eflingar-stéttarfélags og spyrjast fyrir um áreiðanleika veitingastaða þar sem vinna ungu fólki býðst vinna þannig að komast megi hjá skakkaföllum af þessu tagi. Einnig vill Efling-stéttarfélag benda ungu fólki sem hefur í hyggju að ráða sig í vinnu hjá skyndibita og veitingastöðum að leita sér upplýsingar hjá starfsmönnum Eflingar og starfsmönnum viðkomandi veitingastaða hvort launagreiðslur hafi staðist.



Viltu eða viltu ekki 8 1/2 milljón?

Láttu tímann vinna með þér. Nú er rétta tækifærið til að hefja greiðslur í séreignarsjóð, fá 1,4% launahækkun og byrja að ávaxta hana strax! Mótframlag vinnuveitanda og ríkis í séreignarsjóð gegn 4% framlagi starfsmanns er nefnilega 1,4% og mun hækka í 2,4% frá 1. janúar 2002.

Líttu á þetta dæmi sem er miðað við 100.000 króna laun,
greiðslur frá 25 ára aldri og 6% vexti:

Heildar- mánaðarlaun	Framlag launþega	Framlag vinnuveitanda og ríkis	Alls greitt	Þar af framlag vinnuveitanda og ríkis	Inneign við 60 ára aldur
100.000	0%	0%	0%	0 kr.	0 kr.
100.000	2%	1,2%	3,2%	1.600.000 kr.	4.300.000 kr.
100.000	4%	1,4% – 2,4%*	6,4%	3.120.000 kr.	8.450.000 kr.

* Í janúar 2002 hækkar þetta framlag úr 1,4% í 2,4%

Viltu eða viltu ekki njóta lífsins á eftirlaunaárunum?

Hringdu í síma 515 4700 og fáðu nánari upplýsingar.



LÍFEYRISSJÓÐURINN FRAMSÝN

Sætúni 1, sími 515 4700, fax 515 4701,
heimasíða www.framsyn.is, netfang: mottaka@framsyn.is



Raunasaga ungs manns

- eftir starf hjá Pizza Húsinu

Afdregnum sköttum ekki skilað

Ég hef starfað hjá Pizza Húsinu með hléum í tæp sex ár sem verktaki á samningi sem hljóðaði m.a. upp á fast tímakaup og orlofsuppbót. Síðan var gerður munnlegur samningur um að ég sæi um greiðslu tryggingargjalds en vinnuveitandinn greiddi staðgreiðsluskattinn og virðisaukaskattinn. Þegar ég byrjaði að vinna gekk vel að fá launin og aðrar greiðslur en eftir nokkurn tíma fóru þær að dragast fram í miðjan mánuð og svo var farið að greiða inn á og annað í þeim dúr.

Um miðjan júní síðastliðinn ákvað ég að hætta störfum hjá Pizza Húsinu og átti þá inni 170 þús. krónur í laun og orlofsuppbót sem ég hef ekki fengið greitt ennþá. Þegar ég fór að athuga greiðslustöðu mína hjá hinu opinbera komst ég að því að 160 þúsund króna greiðsla vegna virðisaukaskatts sem hafði verið dregin af laununum mínum hafði ekki skilað sér og var nú komin upp í 250 þúsund með dráttarvöxtum og líka staðgreiðsla opinberra gjalda að upphæð 145 þúsund sem einnig hafði verið dregin af laununum.

Þá hafði ég samband við Sýslumanninn í Kópavogi og eftir nokkur samtöl var mér tjáð að ég yrði að greiða virðisaukaskattinn þar sem ég bæri ábyrgð á honum og síðan yrði ég að kæra Pizza Húsið fyrir fjárdrátt hjá kær-

deild lögreglunnar í Reykjavík og það hef ég gerði. Staða málsins í dag er sú að rekstraraðili Pizza Hússins hefur marglofað að standa skil á þessum greiðslum en alltaf sviðið það og ég geri mér engar vonir um breytingar á því þannig að ég er að reyna að greiða þessar skuldir meðal annars með sölu á bíl sem ég á en það hefur ekki gengið nógu vel. Nú bíð ég eftir næstu lotu og svo gætu leynst fleiri bakreikningar í málinu.

Framangreind frásögn er ekki einsdæmi, því miður. Launafólk og það oft ungt fólk sem er að stíga sín fyrstu skref á vinnumarkaði lætur oft til leiðast og gengst undir slíka samninga, sem eru ekkert annað en gerviverktaka.

Skattyfirvöld hafa reynt að sporna gegn þessari þróun með því m.a. að setja strangari skilyrði við úthlutun vsk-númera og hefur það skilað nokkrum árangri. Lærdómur þessa unga manns var dýrkeyptur. Beini ég þeim tilmælum til allra félagsmanna sem og annarra að gera aldrei slíka gerviverksamninga. Tilgangur vinnuveitanda með slíkum samningum er að komast hjá því að þurfa að standa skil á launatengdum gjöldum og að hafa af fólki þau réttindi sem launþegasamband og aðild að stéttarfélögum felur í sér.

Tími til að læra



Haustið er tími skóla og námskeiða, tími fyrir okkur til að bæta kunnáttu og persónulega hæfni eða til að kynnst nýrri þekkingu í starfsmenntun og tómsundanámi.

Efling-stéttarfélag hefur frá stofnun félagsins lagt áherslu á að félagsmenn nýti sér allar leiðir til þess að bæta þekkingu sína og auki hæfni í starfi. Í þessum tilgangi hefur félagið komið upp öflugum starfsmenntasjóðum sem bæði styrkja einstaklinga til náms að eigin vali en standa einnig að framboði á nýjungum í starfsnámi.

Einnig stendur Efling-stéttarfélag að viðamikilli fræðslu fyrir trúnaðarmenn og aðra félagsmenn Eflingar, bæði til þess að bæta hæfni þeirra í daglegum samskiptum við atvinnurekendur og læra um réttindi sín á vinnumarkaði, en ekki síður til að þroska sjálfan sig og bæta í daglegum samskiptum við annað fólk.

Þá styrkir Efling - stéttarfélag félaga sína til að sækja tómsundanámskeið að eigin vali t.d. hjá Mími- Tómskundaskól-

anum, Námsflokkunum og fleiri samstarfsaðilum sem bjóða uppá úrval námskeiða.

Boðið er upp á vönduðum tölvunámskeiðum þar sem allir eiga að geta fundið sér nám við hæfi. Í þessum tilgangi gerðist Efling hluthafi í Tölvuskóla Reykjavíkur og mun skólinn bjóða Eflingarfélögum tölvunámskeið á sérstökum afsláttarkjörum í vetur.

Þá hefur Efling-stéttarfélag komið sérstaklega að íslenskukennslu fyrir erlenda félagsmenn. Innan félagsins eru nú vel á annað þúsund félagsmenn af erlendu bergi brotnir og lítur félagið á það sem skyldu sína að koma þessum hóp til aðstoðar við að læra íslensku og kynnst landi og þjóð.

Ef þig vantar frekari upplýsingar eða vilt koma ábendingum á framfæri er hægt að hafa samband í síma 510-7500 eða líta inná heimasíðu Eflingar, www.efling.is en þar er sérstök síða þar sem alla okkar fræðsludagskrá verður að finna ásamt upplýsingum um það sem verður á döfinni hverju sinni.

Eitt er víst. Það er alltaf kominn tími til að læra.

Hver er réttur minn til styrks úr starfsmenntasjóðum Eflingar?

25.000-40.000.-kr á ári miðað við 12 mánaða félagsaðild



Efling rekur í samstarfi við atvinnurekendur starfsmenntasjóði fyrir alla félagsmenn sína. Hlutverk starfsmenntasjóðanna er tvíþætt:

- Að styrkja einstaklinga til starfsnáms að eigin vali, þ.e. einstaklingsstyrkir.
- Að standa að framboði á starfsmenntanámskeiðum í samstarfi við fræðsluaðila og ákveðnar starfsgreinar eða fyrirtæki.

Réttur félagsmanna til einstaklingsstyrkja getur verið mismunandi eftir því hvort viðkomandi starfar hjá ríki, borg eða á almennum vinnumarkaði, en einnig lagt mat á starfstengingu námsins við úthlutun námsstyrkja.

Meginreglur starfsmenntasjóða Eflingar gera ráð fyrir að umsækjandi hafi verið í félaginu í 12 mánuði áður en sótt er um styrk en greitt er hlutfallslega fyrir hlutastörf. Styrkir til einstakra félagsmann vegna starfsnáms að eigin vali geta verið á bilinu frá 25.000 til 40.000 krónur á ári. Til þess að sækja um styrk þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem fæst á skrifstofu Eflingar og skila inn kvittun fyrir greiðslu á námskeiði ásamt ljósriti af síðasta launaseðli. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublað

á heimasíðu Eflingar á undir liðnum fræðslumál.

Ásamt styrkjum til félagsmanna vegna námskeiða að eigin vali standa fræðslusjóðir Eflingar fyrir ýmsum starfsmenntanámskeiðum í samvinnu við starfsmannahópa, einstök fyrirtæki eða starfsgreinar. Ef félagsmenn hafa til lögu eða hugmynd að uppsetningu á ákveðnu starfsnámi fyrir sig og sitt fyrirtæki - eða bara áhuga á að læra meira um sitt starf - er hægt að hafa samband við skrifstofu Eflingar og skoða möguleika á uppsetningu á námi.

Hér í blaðinu er gerð grein fyrir þeim námskeiðum sem eru í undirbúningi eða eru að fara í gang núna í haust. Yfirleitt geta Eflingarfélagar skráð sig á þessi námskeið sem einstaklingar og ýmsir kostir eru á að koma þessum námskeiðum á fyrir fleiri starfshópa eða í samstarfi við önnur fyrirtæki. Einnig eru möguleikar á að sníða námskeiðin að ákveðnum þörfum fyrirtækja bæði að efnisinnihaldi og tímasetningum. Við hvetjum alla Eflingarfélaga til að skoða rækilega möguleika á að koma á starfsnámi í sínu fyrirtæki og hafa samband við okkur. Verum öll meðvituð um að í öllum störfum má bæta þekkingu og hæfni starfsmanna.

Efling Educational funds

WHAT rights do I have??



Efling, in conjunction with employers, provides educational funds which are available to all its members. The role of these educational funds is twofold:

- to grant a subsidy to individuals for vocational education, chosen by themselves, i.e. individual subsidies.
- to offer courses in vocational education in cooperation with educational institutions, specific trade departments or firms.

The individual's right to receive subsidies is dependent on whether they work for the state, the city or in the private sector. The link between the planned vocational education course, and the job performed, is also evaluated before subsidies are granted.

The main rules of the educational funds of *Efling* state that those applying for a subsidy must have been members of the union for a 12 month period before applying. Grants to those in part-time employment are proportional. The amount of any grant offered to an individual for vocational education they choose themselves may vary from 25.000 kr. to 40.000 per annum. In order to apply for a subsidy applicants must complete a special form, available at the *Efling* office. This may also be found on the *Efling* homepage under the heading of „Education“. Applicants must also present


receipt(s), for payment of a course, together with a copy of their last salary slip.

Til félagsmanna Eflingar stéttarfélags

10% afsláttur af öllum vörum

20-100% afsláttur

af lyfseðlum (sjúklingahluta).




SKIPHOLTS
APÓTEK

Skipholti 50b, 105 Reykjavík

Sími 551 7234, fax 551 6959

Smelltu á www.efling.is

Jakie mam prawa, by otrzymywać pomoc z funduszy edukacyjnych Efling?



Związek zawodowy *Efling*, wspólnie z pracodawcami, zarządza funduszami edukacyjnymi dla wszystkich członków związku. Fundusze edukacyjne mają służyć dwóm celom:

- gwarantować dopłaty dla pojedynczych osób na kształcenie zawodowe, ich własnego wyboru – są to tak zwane subsydia indywidualne
- oferować kursy kształcenia zawodowego, w porozumieniu z instytucjami odpowiedzialnymi za edukację oraz z poszczególnymi działami związku lub firmami

Jednostkowe prawa otrzymywania środków mogą się różnić, w zależności od tego czy uprawniona osoba jest pracownikiem państwowym, miejskim czy jest zatrudniona prywatnie. Również związek pomiędzy planami

edukacyjnymi a pracą jest oceniany zanim jakiegokolwiek fundusze zostaną ostatecznie przyznane.

Podstawowe zasady rządzące przyznawaniem środków edukacyjnych *Efling* zakładają, iż do ich pobierania uprawnione są osoby będące członkami związku od co najmniej 12 miesięcy (przed złożeniem aplikacji) a środki przyznawane osobom pracującym na niepełny etat są proporcjonalne do ich wymiaru pracy. Sumy grantów indywidualnych na kształcenie zawodowe własnego wyboru, mogą wahać się od 25.000 kr. do 40.000 kr. rocznie. Aby starać się o subsydium należy wypełnić specjalny formularz dostępny w biurze *Efling*. Formularz zgłoszeniowy jest również dostępny w internecie, na stronie domowej *Efling* w sekcji "edukacja" (fræðslumál). Należy także dostarczyć rachunek potwierdzający dokonanie płatności za kurs, łącznie z zaświadczeniem dokumentującym wysokość ostatniej wypłaty.

Landnemar

Skóli fyrir erlenda félagsmenn



Fræðslusjóður Eflingar og SA (Starfsafl) mun í samstarfi við MFA og nokkur fyrirtæki sem hafa erlenda starfsmenn bjóða uppá nýtt 300 stunda íslensku og starfshæfninám í vetur. Náminu er ætlað að auka og dýpka skilning erlendra félagsmanna í Eflingu á íslenskri tungu og samfélagi. Kennt verður um íslenskt samfélag, íslenskan vinnumarkað, íslenskar hefðir og menningu.

Gert er ráð fyrir að fyrirtækjum sem koma að samstarfi um þetta nám verði boðið að

senda starfsmenn í skólann gegn því að þeir haldi launum meðan á kennslu standur. Ætlunin er að dreifa kennslunni á allan veturinn en tímaáætlun kennslunnar verður skipulögð í samráði við fyrirtæki sem senda starfsmenn í námið.

Við hvetjum erlenda starfsmenn og fyrirtæki þeirra til að kynna sér þetta tilboð og hafa samband við skrifstofu Eflingar ef óskað er frekari upplýsinga s. 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is

„Landnemar“

Szkola dla obcokrajowców będących członkami Efling

Fundusz edukacyjny związku zawodowego Efling i SA (Starfsafl) we współpracy z MFA oraz innymi firmami zatrudniającymi obcokrajowców, oferuje tej zimy nowe kursy: języka islandzkiego oraz kształcenia zawodowego - w sumie 300 lekcji. Kursy mają na celu pogłębienie wiedzy zarówno o języku islandzkim jak i o społeczeństwie wśród członków Eflingu,

którzy będą się uczyli o islandzkim rynku pracy a także o tradycji i kulturze.

Gwarantujemy, że przedsiębiorstwa współorganizujące takie szkolenia będą proszone o zapewnienie uczęszczającym na nie pracownikom należnego wynagrodzenia za czas spędzony na szkoleniach. Planujemy nauczanie przez całą zimę, ale ostateczny rozkład zajęć zostanie uzgodniony z zainteresowanymi firmami.

Zachęcamy pracowników i firmy, dla których pracują, do rozważenia naszej oferty. Prosimy o kontakt z biurem Eflingu w celu uzyskania dalszych informacji. Telefon: 510-7500, e-mail: efling@efling.is



Settlers in Iceland

A school for foreign members of Efling

The educational fund of Efling and SA (Starfsafl), in cooperation with MFA and a number of companies that have employed foreign workers, will offer new courses in Icelandic this winter, a total of 300 lessons. This education is designed to provide a deeper understanding of the Icelandic language and society in the minds of the members of Efling. They will learn about the Icelandic community, the Icelandic labour market and about Icelandic traditions and culture.

We assume that participating companies will make sure that employees continue to receive their wages while attending classes. We plan to teach throughout the winter, but the timing of classes will be planned in cooperation with employers to minimise disruption.

We encourage foreign employees and their employers to consider this offer and to contact the office of Efling for further information.

Telephone: 510-7500, or e-mail, efling@efling.is

Námsflokkar Hafnarfjarðar
Miðstöð símenntunar



HAUSTÖNN 2001

Innritun í almenna flokka fer fram dagana **17.-20 sept.**
á skrifstofu Námsflokka, Strandgötu 31, 2. hæð,
milli klukkan **13 og 19**. Upplýsingar í síma **585-5860**.
Kennsla hefst skv. stundaskrá 24. september.

Í boði er fjölbreytt **tungumálanám**-byrjenda og framh.námskeið (enska, danska, ítalska, norska, sænska, franska, spænska, þýska, íslenska fyrir útlendinga). **Handverks- og listgreinar** (tréútskurður, tálgunámskeið, fatasaumur, bútaumur og flís og fix, eldsmíði, hnífagerð, leðurvinna, leirmótun, málun, teikning og grafík, hnífagerð, myndlist fyrir börn, skrautritun og leturgerð, glerskurður og gler-bræðsla). **Hagnýt og gangleg námskeið í garðyrkju** (hönnun og skipulagning heimilisgarðsins, skjólveggir og sólþallar, val og skipulag trjá- og runnagróðurs). **Framandi og fróðleg námskeið** (matargerð-fiskur og grænmeti, stjörnuspeki, að leggja og túlka tarotspil, dulspeki í daglegu lífi). **Önnur námskeið** (bókald og rekstur, almennt tölvunám og sérhæfð tölvunámskeið, fluguköst og fluguhýtingar, tölvubókald-Navision Financials).

Námsaðstoð fyrir nemendur í 10. bekk í samræmdum greinum.

Prófanám í samstarfi við Flensborgarskóla (íslenska, stærðfræði, enska, þýska, ítalska, spænska, tölvunám).

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu www.namsflokkar.hafnarfjorur.is

Starfstengd námskeið (launaflokkannámskeið)

- fyrir starfsmenn hjá Reykjavíkurborg og Landspítala.



Heimabjónusta

100 stunda sérhæfni námskeið verður haldið 10.október- 14.nóvember í Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd.

Kennt verður alla daga vikunnar kl.8.30 til kl.12.10.

Þetta námskeið er ætlað starfsmönnum sem starfa bæði með eldri og yngri þjónustuþega. Innritun hjá deildarstjórum heimabjónustu.

Leikskólar – matráðar og leiðbeinendur.

Matráðar og aðstoð í eldhúsi

100 stunda Fagnámskeið II fyrir matráða og annað starfsfólk eldhúsa Leikskóla Reykjavíkur verður haldið 5.nóvember- 23.nóvember í Námsflokkum Reykjavíkur við Fríkirkjuveg. Kennt er alla daga kl.8.45- 16.00

Námskeið fyrir leiðbeinendur í Leikskólum

70 stunda Fagnámskeið I fyrir leiðbeinendur verður haldið 28.janúar-8.febrúar 2002 kennt verður í Námsflokkum Reykjavíkur í Mjódd kl.8.45-16.00

100 stunda Fagnámskeið II námskeið fyrir leiðbeinendur verður haldið 13.maí –31.maí 2002 kennt verður í Námsflokkum Reykjavíkur við Fríkirkjuveg alla daga vikunnar kl.8.45-16.00

Innritun hjá Leikskólum Reykjavíkur

Grunnskólar – mötuneyti.

60 stunda námskeið fyrir starfsfólk í starfsmannamötuneytum í grunnskólum Reykjavíkur verða haldinn nú í haust. Fyrsti hluti fór fram í ágúst en síðari hluti fer fram síðar í haust. Námskeið í skyndihjálpar fer fram í október. Hægt er að sækja allt 60 stunda námskeið eða hluta þess. Þeir sem sækja allt námskeiðið,

60 stundir, með fullnægjandi ástundum fá eins launaflokks hækkun í lok námskeiðanna. Kennsla fer fram í húsnæði Kennaraháskóla Íslands, Skipholti 37, þriðju hæð. Upplýsingar og innritun er hjá Ingunni Þorsteinsóttur hjá Eflingu s. 510-7500, inga@efling.is, og hjá Ingunni Gísladóttur hjá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur.

Umönnun aldraðra og fatlaðra

Fagnámskeið I fyrir starfsfólk við umönnun aldraðra og fatlaðra verður haldið 3.okt – 28.nóv. auk þess sem kennt er tvo föstudaga 19.okt og 9.nóv. Kennt verður kl.14:00 – 17:50 og fer kennsla fram í Námsflokkunum í Mjódd.

Athugið að Kjarna og Valgreinanámskeið hafa verið sameinuð og er Fagnámskeið I af þeim ástæðum um 20 kennslustundum lengra eða á bilinu 90-95 kennslustundir. Í framtíðinni er gert ráð fyrir að Fagnámskeið I sé á haustin en Fagnámskeið II á vorönn. Vegna þessara breytinga eiga þeir sem engin námskeið hafa tekið rétt á að taka þetta námskeið en þeir sem hafa lokið Kjarnanámskeiði taka hluta af því.

Eldhús, ræsting, bítibúr og þvottahús

Valgreinanámskeið fyrir starfsmenn í eldhúsum, ræstingu, bítibúrum og þvottahúsum verður haldið 4.október til 29.nóvember hjá Námsflokkum Reykjavíkur kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum kl.14:30-18:00 Kennslan fer fram í kennslustofum Námsflokka í Mjódd.

Athugið að nú hafa Kjarna og Valgreinanámskeið verið sameinuð og er námskeiðið því um 15 tímum lengra en gefur jafnframt 1.launaflokk í hækkun að loknu námskeiðinu. Vegna þessara breytinga eiga þeir sem engin námskeið hafa tekið rétt á að taka þetta námskeið en þeir sem hafa lokið Kjarnanámskeiði taka hluta af því.

KEA
Skýr

Veldu KEA-skýr

PRÓTÍNRIKT
KALKRIKT
FITULÍTID



Bensínafgreiðslumenn

- Námskeið fyrir starfsmenn olíufélaganna

Í samvinnu við Olís, Esso og Skeljung er fræðslusjóður Eflingar að undirbúa námskeið fyrir starfsfólk á bensínafgreiðslustöðvum sem áætlað er að fari af stað nú í haust.

Skólinn mun verða byggður þannig upp að á næstu tveim árum verður Eflingarfélögum hjá olíufélögnum boðið að sækja nokkur nám-

skeið sem sérstaklega eru sniðin að starfi á bensínstöðvum. Í fyrstu verður boðið uppá fagnámskeið tengd bifreiðum og umhirðu þeirra, tölvunámskeið með áherslu á íslenskukennslu og netnotkun, og námskeið í ensku talmáli.

Ásamt fulltrúum starfsmanna hafa fræðslustjórar Olís, Skeljungs og Esso komið að skipulagningu námsins og binda þeir miklar vonir við þetta nám.

Eflingarblaðið ræddi við tvo Eflingarfélaga sem hafa komið að skipulagningu námsins og spurði þá um væntingar til þessa náms. Þá Guðlaug Bjarnason hjá Olís og Magnús Jakobsson hjá Esso.



Guðlaugur Bjarnason

Guðlaugur Bjarnason

Líst vel á þetta nám

Mér líst mjög vel á þetta nám. Mér skilst að námið verði byggt upp á öryggismálum, tölvunámi og einu tungumáli og það er orðið svo að tölvur koma meira og meira inn í störf verkamanna og aukinn ferðamannastraumur gerir kröfu til tungumálakunnáttu þannig að svona nám ætti að auðvelda öll samskipti við aðra.

Hvað mun námið gera fyrir starfsfólk á bensínstöðvunum? Starfsfólkið verður mun hæfara í samskiptum við viðskiptavinina og vonandi hefur þátttaka í námskeiðunum áhrif á launakjör til hins betra sem bætir starfsandann bæði starfsmönnum og fyrirtækinu til hagsbóta. Aukin þekking er alltaf af hinu góða og þess vegna ætla ég að fara á námskeiðin.



Magnús Jakobsson

Magnús Jakobsson

Verðum almennt hæfari til starfa

Mér líst vel á að nú er hugað að námi fyrir okkur bensínafgreiðslumenn. Hugmyndin er m.a. að kenna á tölvur og eitt tungumál sem mun auðvelda öll samskipti á vinnustaðnum og líka í daglega lífinu.

Hvað mun námið gera fyrir bensínafgreiðslufólk?

Ég tel að starfsmenn verði almennt hæfari til starfa og hugsanlega gæti það orðið til þess að bæta launin. Ég er mjög ánægður með aðkomu olíufélagana að þessu máli og vona að það verði öllum til góðs.

Efling og TR

150 sérsniðin tölvunámskeið

- 15 stunda grunnnámskeið fyrir félagsmenn á 2.000 – 3.200 krónur

Efling mun nú í vetur bjóða félögum sínum allt að 150 tölvunámskeið hjá Tölvuskóla Reykjavíkur á sérlega góðum kjörum vegna eignaraðildar félagsins að skólanum. Um er að ræða 15 stunda grunnnámskeið sem ættu að henta félagsmönnum Eflingar mjög vel.

Dagnámskeið og kvöldnámskeið

Kennt verður í eftirfarandi þáttum: Tölvu-grunnur/windows, internet/tölvupóstur, word, word framhald, excel, excel framhald, heimasíðugerð og heimasíðugerð framhald. Námskeiðin verða haldin á daginn annarsvegar frá kl 8:00 til kl 12:00 og hinsvegar frá kl. 13:00 til 17:00. Verð fyrir þessi námskeið er aðeins 8.000 krónur til félagsmanna Eflingar og félagmenn geta síðan sótt endurgreiðslu í starfsmenntasjóði félagsins fyrir 60 – 75% af verðinu. Þannig er endanlegt verð til félagsmanna Eflingar aðeins 2.000 – 3.200 krónur.

Til viðbótar þessum sérstöku Eflingarnámskeiðum á dagvinnutíma fá Eflingarfélagar 25 – 35% afslátt á almennum eftirmiðdags- og kvöldnámskeiðum og geta síðan einnig sótt endurgreiðslu 60 – 75% af þeim kostnaði til starfsmenntasjóða félagsins. Þannig kosta almenn kvöldnámskeið hjá Tölvuskóli Reykjavíkur kr. 20.000 en aðeins 13.000 krónur fyrir Eflingarfélag og af þessum 13.000 getur viðkomandi sótt um 60 – 75% endurgreiðslu. Eftirmiðdags- og kvöldnámskeiðið kosta því aðeins frá 3.250 til 5.200 krónur.

Eflingarnámskeiðin sem eru þriggja daga (15 stundir) verða alla mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga í vetur og hefjast mánudaginn 17. september. Skráning er hjá Tölvuskóla Reykjavíkur í síma 561-6699.

Á næstu síðu eru tímasetningar og verð til Eflingarféлага á almennum eftirmiðdags- og kvöldnámskeiðum Tölvuskóla Reykjavíkur á komandi hausti.

Tölvunám fyrir erlenda ríkisborgara.

Tölvuskóli Reykjavíkur mun í vetur vera með sérstök tölvunámskeið á ensku þar sem öll kennsla fer fram á ensku. Innan Eflingar eru félagsmenn sem hafa ekki íslensku sem móðurmál á milli 10 og 15% af heildarfélagsmannafjölda. Þessi þróun kallar á sérstaka þjónustu fyrir þessa hópa og nú hefur Tölvu-



Frá undirskrift samnings um 150 tölvunámskeið

skóli Reykjavíkur sem Eflingar stéttarfélag á aðild að ákveðið að bjóða kennslu á ensku. Upplýsingar og innritun er hjá Tölvuskóla Reykjavíkur s. 561-6699. Eflingarfélagar geta síðan sótt styrk fyrir náminu frá 60 – 75% af kostnaði.

Computer courses in English for members of Efling

Tölvuskóli Reykjavíkur will be starting special courses in English for those members of Efling that do not have Icelandic as their native language. Members of Efling that are not native Icelanders are between 10 and 15% of the total membership. This number of foreign workers calls for special service for those members and Tölvuskóli Reykjavíkur, which Efling owns a part of, has decided to offer English computer courses. Further information and registration is at the school tel. 561-6699. Members of Efling can then apply for subsidy from the union, from 60-75% of the total cost.

Meðlagsgreiðendur

Meðlagsgreiðendur, vinsamlegast
gerið skil hið fyrsta og forðist
vexti og kostnað.

Innheimtustofnun sveitarfélaga

Lágmúla 9, 108 Reykjavík
Sími 568 6099 - Fax 568 6299

Dagsetning	Tími	Dagar	Lengd	Verð til Eflingarfélaga
Access 1				
1.10.2001 - 10.10.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	20	15.600
Excel 1				
04.09.2001-13.09.2001	8:30 - 12:00	þri.fim.	20	13.000
08.10.2001 - 17.10.2001	13:00 - 16:30	mán.mið.	20	13.000
22.10.2001 - 31.10.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	20	13.000
23.11.2001 - 24.11.2001	8:30-16:30	föst. lau.	20	13.000
27.11.2001 - 06.12.2001	8:30 - 12:00	þri.fim.	20	13.000
Excel 2				
30.10.2001 - 06.11.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.þri.	15	11.050
27.11.2001 - 04.12.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.þri.	15	11.050
Front Page 1				
08.10.2001 - 17.10.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.	20	13.000
Front Page 2				
05.11.2001 - 14.11.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	20	13.000
PowerPoint 1				
25.09.2001 - 02.10.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	15	11.050
05.11.2001 - 12.11.2001	13:00 - 16:30	mán.mið.	15	11.050
Publisher				
23.10.2001 - 30.10.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.þri.	15	13.000
Windows				
3.09.2001 - 10.09.2001	8:30-12:00	mán.mið.föst.mán.	20	13.000
17.09.2001 - 26.09.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	20	13.000
05.10.2001 - 06.10.2001	8:30-16:30	föst. lau.	20	13.000
22.10.2001 - 29.10.2001	13:00 - 16:30	mán.mið.föst.mán.	20	13.000
05.11.2001 - 14.11.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.	20	13.000
19.11.2001 - 28.11.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	20	13.000
Word 1				
24.09.2001-03.10.2001	8:30-12:00	mán.mið.	20	13.000
09.10.2001 - 18.10.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	20	13.000
02.11.2001 - 03.11.2001	8:30-16:30	föst. lau.	20	13.000
Word 2				
22.10.2001 - 29.10.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.föst.mán.	20	13.000
13.11.2001 - 22.11.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	20	13.000
Lengri námskeið				
Tölvulæsi 1				
20.8.2001 - 14.09.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.föst.	60	32.250
11.09.2001 - 18.10.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	60	32.250
22.10.2001 - 28.11.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	60	32.250
07.11.2001 - 03.12.2001	13:00 - 16:30	mán.mið.föst.	60	32.250
Tölvulæsi 2				
13.11.2001 - 06.12.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	40	26.025
Hagnýtt tölvunám 1				
27.08.2001 - 03.10.2001	17:30 - 21:00	mán.mið.	60	32.250
10.10.2001 - 05.11.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.föst.	60	32.250
18.09.2001 - 26.10.2001	17:30 - 21:00	þri.fim.	60	32.250
15.10.2001 - 09.11.2001	13:00 - 16:30	mán.mið.föst.	60	32.250
17.10.2001 - 26.11.2001	17:30 - 21:00	mið,mán	60	32.250
19.11.2001 - 14.12.2001	8:30 - 12:00	mán.mið.föst.	60	32.250
Hagnýtt tölvunám 2				
13.10.2001-06.12.2001	17:30 - 21:00	þri,fim	40	26.025
Bókhaldsnám				
17.09.2001 - 07.12.2001	17:00 - 20:00	má.mið.föst.	144	74.850
17.09.2001 - 07.12.2001	13:00 - 16:00	má.mið.föst.	144	74.850
Tölvubókhaldsnám				
18.09.2001 - 22.11.2001	13:00 - 16:00	þri.fim.	80	47.250
18.09.2001 - 22.11.2001	17:00 - 20:00	þri.fim.	80	47.250
Tollskýrslugerð				
16.10.2001 - 01.11.2001	8:30 - 12:00	má,mið	28	17.250

Framtíðin bíður ekki

Ætlar þú að koma með?

Taktu ákvörðun um framtíðina.

Flestir vilja njóta lífsins við starfslok, en hver veit hvað þá verður í boði? Taktu ákvörðun í dag um að njóta lífsins þegar þú hættir að vinna, með því að ganga frá lífeyrissparnaði þínum sem fyrst. Hjá Landsbankanum færðu faglega ráðgjöf og sveigjanleika til að skipuleggja viðbótar- eða lögbundinn lífeyrissparnað – eins og hentar þér best.

Gakktu frá málinu með einu símtali.

Lífeyrissparnaður
Landsbankans

Hringdu í síma

Opið frá 8 til 19
alla virka daga

560 6000



Landsbankinn

Námsferð starfsfólks leikskóla til Glasgow

Sáum margt sem heillaði okkur

- segja þær Sigurlín Ágústsdóttur og Helga Guðmundsdóttur



Vegna sumarleyfa náðist ekki mynd af öllum hópnum sem fór í námsferðina en þau sem eru á myndinni eru t.v. Sigurlín Ágústsdóttir, leiðbeinandi. Bryndís Stefánsdóttir, leikskólastjóri. Auðunn Valdimarsson, kennari. Sigríður Jóna Guðmundsdóttir, leiðbeinandi og Helga Guðmundsdóttir, leiðbeinandi

Starfsfólk á leikskólanum Hamraborg hefur tekið þátt í samstarfsverkefni með Hildi Skarphéðinsdóttur, deildarstjóra hjá Leikskólum Reykjavíkur sem kallast *Barnið í brennidepli* og byggist á innra mati leikskólans. Verkefnið felst m.a. í því að starfsmenn koma reglulega saman og skoða hvað mætti fara betur í starfinu. Vegna góðrar reynslu af þeirri vinnu var ákveðið að fara í námsferð til Skotlands í vor til að kanna hvernig þetta fyrirkomulag sem leikskólar þar hafa starfað eftir um nokkurt skeið hefur reynst. Fréttablaðið spurði þær Sigurlín Ágústsdóttur og Helgu Guðmundsdóttur um ferðina.

Við lögðum upp í ferðina til Glasgow á uppstigningardag og komum alls 19 starfsmenn leikskólans þar af voru 8 leiðbeinendur sem eru félagsmenn í Eflingu, sögðu Sigurlína Ágústsdóttir og Helga Guðmundsdóttir.

Daginn eftir sem var föstudagur fórum við í heimsókn í tvo leikskóla í Stirling rétt fyrir utan Glasgow. Þar var haldinn fyrirlestur um *Barnið í brennidepli* sem var mjög áhugaverður og síðan var farið um leikskólana í fylgd leikskólastjóra og starfsmanna. Í ljós kom að þau hafa aðra framkvæmd á matinu t.d. er ekki unnið í hópum eins og við gerum. Einnig taka foreldrar þátt í að meta starfið og börnin líka á myndrænan hátt. Börnin eru mjög ánægð með að taka þátt í þessari vinnu og leikskólinn reynir að virða óskir þeirra. Það var t.d. sagt frá því að börnin hefðu óskað eftir meiri útiveru en starfsfólkinu fannst það ekki hafa fatnað til þess. Þá var ákveðið að kaupa regngalla á börnin og starfsfólkið.

Við sáum margt sem heillaði okkur en er kannski ekki hægt að framkvæma hér. Eitt af því voru girðingarnar umhverfis leikskólana sem voru mjög háar og úr nánast ósýnilegu neti þannig að garðarnir virtust vera mun stærri en þeir voru. Hjá okkur er þetta meira lokað og börnin sjá ekkert út fyrir garðinn. Þá voru börnin að gróðursetja plöntur á afmökudum reit með aðstoð foreldra og einnig voru þau að rannsaka skordýr og fleira. Þau fylgdust með ormi þar til hann varð að fiðrildi og skráðu allt niður og slepptu því svo út í náttúruna. Eins gerðu þau við froska. Það má kannski segja að börnin þarna séu í meiri snertingu við umhverfi sitt en hjá okkur. Á milli heimsókna skoðuðum við Stirling kastala þar sem okkur skilst að sagan sem notuð var af Mel Gibson við gerð kvikmyndarinnar Braveheart hafi gerst á sínum tíma.

Að lokinni ferð sem var bæði mjög fræðandi og skemmtileg og eftir frábærar móttökur starfsfólks sem undraðist áhuga leikskóla á Íslandi á starfi þeirra var haldið heim á hótél. Eftir skemmtilega samveru um helginga var síðan haldið heim á sunnudeginum. Ferðin var

fjármögnuð með styrkjum m.a. af Eflingu og kunnum við félaginu okkar og Leikskólum Reykjavíkur bestu þakkir fyrir veittan stuðning. Það er ekki nokkur vafi í okkar huga að við höfðum mjög gott af þessari ferð og fengum nýja innsýn í starfsemi leikskóla og samkennd starfsmanna hefur stór aukist. Við getum alveg hiklaust mælt með svona námsferðum.

Við sáum margt sem heillaði okkur en er kannski ekki hægt að framkvæma hér. Eitt af því voru girðingarnar umhverfis leikskólana sem voru mjög háar og úr nánast ósýnilegu neti þannig að garðarnir virtust vera mun stærri en þeir voru



SUBURBÆJINRLAUG



Sundlaugin er opin almenningi mánudaga til föstudaga frá kl. 6:30 - 21:30, laugardaga frá kl. 8:00 - 18:30 og sunnudaga frá kl. 8:00 - 17:30. Sími 565 3080.

Nudd

Heitir pottar

Vatnsgufa

Ungbarnasund

Ljósabekkir

Vatnsrennibraut

Upphituð hlaupabraut

Bonusveppur

Sundnámskeið

Vatnsleikfimi

Morgunopnun
6:30



Fjölskyldukort
kr. 11.000
6 mánaða kort kr. 7.000



Nautilus
Tækjasalur Island ehf.

Smelltu á www.efling.is



GrunnMenntaskólinn

Viltu fara í nám með vinnu?

- nýr kostur fyrir Eflingarfélaga

Nú í september mun Efling – stéttarfélag í samvinnu við MFA bjóða Eflingarfélögum uppá 300 stunda nám með vinnu í Grunn-Menntaskólanum. Markmið með skólanum er að Eflingarfélögum gefist kostur á efla sig, bæta almenna þekkingu og færni og auka þannig starfhæfni sína.

Meginviðfangsefni skólans er að kenna nemendum að tileinka sér nýja þekkingu – að læra að læra. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda í náminu, bæði í upplýsingaöflun og meðferð og miðlun upplýsinga. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð auk þjálfunar í að vinna að lausn með öðrum – vera partur af liðsheild.

Í skólanum er kennd íslenska, stærðfræði, enska, verkefnavinna, vinna við tölvur og þjónusta. Einnig er farið í náms- og starfsráðgjöf, sjálfstýrkingu og samskipti/ samvinnu.

Allt námið er miðað við að nemendur hafa í mesta lagi grunnskólapróf, þ.e. hafi ekki stundað nám eftir grunnskóla og að jafnvel sé langur tími liðinn frá því þeir sátu á skólabekk.

Sem fyrr segir verður námið 300 stundir sem kenndar verða í tveim 3ja mánaða lotum. Fyrri lotan hefst nú í lok september og stendur fram í nóvember, síðari lotan verður frá miðjum janúar fram í mars 2002. Kennt verður á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl 17:00 –21:00 og annan hvern laugardag frá kl 09:00 – 13:00, samtals 50 kennslustundir á mánuði.

Aðeins verður hægt að taka inn 18 nemend-

ur og skólagjald er aðeins 25.000 krónur fyrir allt námið og innifalin eru öll námsgögn og kaffiveitingar. Eflingarfélagar geta sótt um styrk fyrir 60% af þessari upphæð til Starfsafls eða kr. 15.000.

Við hvetjum alla Eflingarfélaga til að nýta sér þetta einstaka tækifæri til að ná tökum á nýrri þekkingu og auka möguleika sína í síbreytilegu samféagi. Upplýsingar og umsóknir fást á skrifstofu Eflingar s. 510-7500.

Efling og Fræðsluráð málm-iðnaðarins kanna þörf á Námi í mál-, véltækni og framleiðslugreinum

Fræðslusjóður Eflingar og SA (Starfsafl), í samvinnu við Fræðsluráð málm-iðnaðarins, hefur ákveðið að fara í athugun á þörf fyrir menntun á sviði mál-, véltækni og framleiðslugreina. Fræðsluráð málm-iðnaðarins hefur á liðnum árum unnið að símenntun fyrir iðnaðarmenn innan málm-iðnaðargeirans en með þessu verkefni er ætlunin að útvíkka þá vinnu þannig að hún nái einnig til Eflingarfélaga.

Verkefni verður unnið þannig að u.þ.b. 20 fyrirtækjum verður boðið að vera með í könnuninni og á grunni þessarar könnunar mun Fræðsluráð málm-iðnaðarins setja upp starfsfræðslunámskeið sem verða kynnt sérstaklega, væntanlega eftir áramót.

Nánari upplýsingar má fá á skrifstofu Eflingar hjá Maríönnu Traustadóttir s. 510-7500, eða marianna@efling.is.



Dag- og kvöldnámskeið í Miðbæjarskóla, Mjódd og Grafarvogi

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

Dag- og kvöldnámskeið

Íslenska fyrir útlendinga 1.–5. flokkur

(í 1. flokk er raðað eftir þjóðerni nemenda)

Íslenska – talflokkar fyrir útlendinga. Ritun.

Innritun hefst 13. sept.

PRÓFADEILD

Grunnnám – Fornám

upprifjun 8., 9. og 10. bekkjar.

Undirbúningur fyrir framhaldsskólanám.

Framhaldsdeild – fyrstu áfangar

kjarnagreina, sem suma er einnig hægt að

taka í fjarnámi, auk sérgreina á

heilsugæslubraut.

Innritun hefst 30. ágúst

Í boði eru einnig ýmsar greinar félagsliðabrautar

ALMENNIR FLOKKAR

Erlend tungumál, verklegar greinar.

Innitun hefst 6. september.

Upplýsingar í síma: 551 2992 – Netfang: nfr@namsflokkar.is
Heimasíða: www.namsflokkar.is

Kennt verður í Miðbæjarskóla, í Mjódd Þönglabakka 4
og í Miðgarði Grafarvogi.

Svo lengi lærir sem lifir



Skóli fyrir hafnarverkamenn

Hafnarskólinn fer af stað

Hafnarskólinn, sem er samstarfsverkefni Eflingar, Starfsgreinasambandsins, Samskipa og Menningar- og fræðslusambands alþýðu fer af stað nú í haust. Síðastliðinn vetur var unnið að námskrá og skipulagi skólans sem byggir að hluta til á samskiptum fyrirmynd en aðlagð að íslenskum aðstæðum. Námið er alls 250 klukkustundir og tekur á ýmsum þáttum er varða störf við skipaafgreiðslu, í vöruhúsum og við skylda starfsemi.

Meðal þeirra námsþátta sem verða teknir fyrir eru losun og lestun skipa/gáma og fleta, vélfræði, tölvu- og upplýsingatækni, tollalög og öryggis og umhverfismál. Einnig verður farið í almenna þætti s.s. íslensku, stærðfræði og

ensku ásamt umfjöllun um gæðakerfi og gæðastaðla.

Námið mun standa frá 7. september til 30. nóvember nk. Kennt verður á mánudögum og föstudögum frá kl 8:30 – 17:00 í alls 13 vikur. Allir nemendur verða frá Samskipum og munu þeir halda launum á meðan að náminu stendur. Í framtíðinni er ætlunin að bjóða námið hjá fleiri skipafélögum og víðar s.s. fyrir starfsmenn vöruhúsa og starfsmenn við landflutninga.

Eflingablaðið tók tvo verðandi nemendur skólans tali spurði hvernig þeim litist á skólann.



Magni Þór Harðarson

Petta er gott framtak

-segir Magni Þór Harðarson, lyftaramaður

Petta er gott framtak. Mér skilst að námið fari þannig fram að kennt verður tvo daga í viku frá klukkan átta til fimm síðdegis og kennslustundir verði samtals 250 og námið taki þrjá mánuði. Þá verður maður á launum við að læra og ekki er það verra.

Áttu von á að kynnast einhverjum nýjungum sem munu nýtast þér í starfi?

Kannski ekki hér í vöruhúsinu þar sem ég vinn en maður kemur til með að kynnast ýmsu í sambandi við lestun og losun gáma úr skipum og hvernig allt það ferli gengur fyrir sig sem gæti þá gert manni kleift að fara að vinna við það seinna.

Mun námið hafa einhver áhrif á afkomu þína?

Það vona ég. Tilgangurinn hlýtur að vera að fá hæfari starfsmenn sem geta gengið í fleiri störf og verða þá um leið verðmætari fyrir fyrirtækið?



Guðni Guðjónsson

Opnar sjóndeildarhringinn

Mér list mjög vel á skólann til að opna sjóndeildarhringinn og kynnast hvernig flutningar fara fram frá A til Ö segir Guðni Guðjónsson.

Hvaða væntingar hefurðu til námsins?

Þær helstar að kynnast einhverju nýju í sambandi við gámalosun og fá betri skilning á starfinu. Svo verður námið vonandi metið til hærri launa.

FISKVINNSLUFÓLK - FISKVERKENDUR

Mennt er máttur

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar býður upp á grunnnámskeið fyrir fiskverkafólk og starfsmenn fiskimjölsverksmiðja.

Um er að ræða 40 klst. námskeið um meðferð hráefnis, hreinlæti og gerlagróður, innra eftirlit, vinnslurásir og verkunaraðferðir, markaðsmál, vinnuvistfræði, öryggismál, kjaramál, mannleg samskipti og umhverfismál.

Námskeiðið færir starfsmanni launahækkun og starfsheitið sérhæfður fiskvinnslumaður.

Hafðu samband og kynntu þér málið.

Hafðu samband ef þú ert í fræðsluhugleiðingum



**Starfsfræðslunefnd
fiskvinnslunnar**

Sjávarútvegsráðuneytinu Skúlagötu 4 150 Reykjavík
Sími 560 9670 Fax 562 1853 netfang hulda@hafro.is

Starfsfræðslunefnd fiskvinnslunnar heyrir undir sjávarútvegsráðuneytið. Hlutverk hennar er að skipuleggja fræðslustarfsemi fyrir starfsfólk í fiskiðnaði. Nefndin er skipuð fulltrúum frá ráðuneytinu, Starfsgreinasambandi Íslands og samtökum atvinnurekenda.



Félagsliðanámið

Mjög gott að fá þessa námsbraut

- segir Guðrún Halldórsdóttir

Guðrún Halldórsdóttir og Elena Musitelli ítölskukennari ræða málin á tröppum Miðbæjarskólans

Í haust hefst nám á félagsliðabraut hjá Námsflokkum Reykjavíkur. Að sögn Guðrúnar Halldórsdóttur forstöðumanns verður námið byggt upp á almennu bóklegu námi sem er íslenska, enska, stærðfræði, íþróttir og lífsleikni. Síðan verða kenndar sérgreinar eins og aðstoð og umönnun, félagsfræði, heilbrigðisfræði, lyfjafræði, næringarfræði og fl. Þá eru valgreinar þar sem hægt er að velja um öldrunarsvið eða fötlunarsvið. Loks er vinnustaðanám sem felst í því að nemendur vinna við þau störf sem verið er að kenna þeim. Samtals verður námið um 80 einingar. Kennt verður á kvöldin í Miðbæjarskólanum og svo verður einnig kennt í fjarnámi. Þá situr nemandinn við tölvuna heima og lærir einstakar greinar.

Eftir áramót er hugsanlegt að fleiri greinum verði bætt við námsefnið. Guðrún segir það sína reynslu að reyna ekki að gera allt í einu heldur að byrja hægt og bæta síðan við sig. Námsstíminn hefur engin takmörk. Fólk ræður því sjálft á hvaða hraða það fer en í lokin þarf að standast próf.

Hvernig verða námskeið sem umsækjendur hafa sótt áður metin inn í þetta nám?

Það hefur ekki verið ákveðið en ég tel að það eigi tvímælalaust að meta þau eitthvað inn í námið. Ég held að það sé mjög gott að fá þessa námsbraut. Fólk sem hefur mikla reynslu af umönnunarstörfum þarf að geta bætt við sig þekkingu til að bæta kjör sín og stöðu

Undirbúningsvinna Eflingar skilar árangri

Félagsliðanám að veruleika

- bætir stöðu þeirra sem sinna umönnun aldraðra og fatlaðra

Ný námsbraut fyrir starfsfólk sem sinnir umönnunarstörfum og störfum við aðhlynningu aldraðara og fatlaðra auk heimaþjónustu hefst nú í haust. Þetta nám er stutt starfsmenntabraut sérhönnuð fyrir atvinnulífið og ætluð til að bæra stöðu þeirra sem sinna umönnun aldraðra og fatlara í samfélaginu. Mikill skortur hefur verið á heppilegu námi fyrir fólk sem vill sinna þessum störfum og hefur áhuga fyrir stuttum námsmöguleikum eða námi með starfi. Leiðirnar sem verða í boði stefna í fullt nám t.d. í Borgarholtsskóla þar sem þessi námsbraut verður kennd en einnig er hægt að safna sér einungum í kvöldskóla t.d. Námsflokkum Reykjavíkur og Fjölbrautaskólanum í Breiðholti

Gert er ráð fyrir að þeir sem lengi hafa verið á vinnumarkaðnum við þessi störf og lokið hafa kjarasamningsbundnum námskeiðum geti fengið þau metin. Í skoðun er hvernig slíkt mat fer fram með skólunum. Allir þeir sem hafa áhuga á þessari námsleið ættu að kynna sér möguleikana hið fyrsta.

Hægt er að fá upplýsingar um námið hjá Eflingu og skólunum sem nefndir eru hér að framan.

Smelltu á www.efling.is



Af hverju að leika sér að eldinum

þegar hægt er að fara örugga leið?

Lífeyrissparnaður ætti að njóta öruggrar og traustrar ávöxtunar. Lífsvall 1 gefur þér örugga ávöxtun, þar sem sveiflur á verðbréfamörkuðum hafa engin áhrif.

Lífsvallsreikningurinn ber í dag 6,4% vexti auk verðtryggingar.
Nafnávöxtun reikningsins var 10,5% á árinu 2000 og raunávöxtun var 6,06%.

Viðbótarlífeyrissparnaður er afar hagstæður í samanburði við annan frjálsan sparnað, enda fylgir honum skattalegt hagræði.

Einstaklingar geta samið við launagreiðanda um að ákveðin upphæð launa sé lögð í séreign, þeir sem ekki nýta sér þennan möguleika eru í raun að missa af umsömdum kjarabótum.

**Ekki taka áhættu með lífeyrissparnaðinn,
komdu til okkar og fáðu ráðgjöf um lífeyrismál þín.**

40 ára
örugg
fjármálaþjónusta

Verið velkomin í afgreiðslustaði okkar í Borgartúni 18, Rofabæ 39 og Síðumúla 1,
eða fáðið upplýsingar í síma 5754100 og á heimasíðu Spv, sem er www.spv.is.


spv
Sparisjóður
vélstjóra

Menntafélag

Efling í samvinnu við MFB

Starfsfræðslusjóður Eflingar og SA (Starfsafl) hefur gert samning við Menntafélag byggingariðnaðarins (MFB) um að sinna námskeiðshaldi fyrir félagsmenn Eflingar sem starfa við byggingariðnað. Með byggingariðnaði er átt við húsa- og húsgagnasmíði, málaraíð, pípu-lagnir, múrverk, veggfóðrun og bólstrun. MFB hefur um árabíl staðið að námskeiðum fyrir iðnaðarmenn í byggingargreinum og munu

Eflingarfélagar nú njóta góðs af þeirri reynslu og þekkingu sem þar hefur verið byggð upp í fræðslumálum á sviði byggingargreina.

Samningur fræðslusjóðsins og MFB gerir ráð fyrir sérstakri verkefnisstjórn sem gerir tillögur að námskeiðum og fyrirtækjum til samstarfs. Starf verkefnisstjórnar fer af stað nú í september og verða námskeiðin kynnt sérstaklega áður en þau fara af stað. Ef Eflingarfélagar hafa tillögur eða hugmyndir á þessu sviði geta þeir haft samaband við Garðar Vilhjálmsson á skrifstofu Eflingar s. 510-7500 eða með tölvupósti gardar@efling.is.

Hótel og þjónusta

Spennandi nám

- fyrir starfsfólk á hótél- og veitingastöðum

Spennandi verkefni eru nú að hefjast í námi fyrir félagsmenn sem starfa við þjónustu á hótélum og veitingahúsum. Um er að ræða nám fyrir þernur á hótélum og hinsvegar fyrir fólk við framreiðslu á veitingahúsum.

Áætlað er að námið fyrir þernur á hótélum hefjist í nóvember. Námskeiðið verður rekið í samvinnu við Hótel- og matvælskólann í Kópavogi og verður hin glæsilega aðstaða í skólanum nýtt til kennslunnar, en í skólanum

er að finna fullkomið „kennslu-hótelherbergi“ (s.k. Konnráðsstofa) þar sem hægt er að kenna alla þætti við þjónustu hótelherbergja við hinar bestu aðstæður. Miðað er við að hótelþernur sem sækja þessi námskeið, sem verða 24 stundir, haldi launum á meðan að námi stendur.

Einnig er unnið að námskeiðum fyrir aðstoðarfólk við framreiðslu á veitingahúsum. Þessi námskeið hafa ekki verið tímasett en ætlunin að fara af stað með þau nú á haustdögum, einnig í samvinnu við Hótel- og matvælskólann í Kópavogi.

Nánari upplýsingar fást á hjá Maríönnu Traustadóttur hjá Starfsafl s. 510-7500 eða með tölvupósti marianna@starfsafl.is

Mötuneyti

Námskeið fyrir starfsfólk í mötuneytum

Boðið verður uppá sérstök námskeið fyrir starfsfólk í mötuneytum á komandi hausti á vegum Eflingar-stéttarfélags. Námskeiðið verður 26 stunda langt og fléttað verður saman bóklegu námi og sýnikennslu. Helstu námsþættir verða: matur og næring, örverur og hreinlæti, líkamsbeiting, áætlanagerð og nýting matvæla ásamt sýnikennslu.

Námskeið verður haldið í samvinnu við Mat-

vælskólann í Kópavogi og fer væntanlega af stað í nóvember.

Námskeiðið verður Eflingarfélögum að kostnaðarlausu og mörg fyrirtæki greiða starfsmönnum laun á meðan námskeiðinu stendur.

Nánari upplýsingar veitir Ingunn Þorsteinsdóttir á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða í tölvupósti inga@efling.is. Skráning fer einnig fram hjá Eflingu.

Ræsting

Námskeið fyrir starfsfólk í ræstingum

Starfsfræðslusjóður Eflingar mun nú í haust standa fyrir 26 stunda námskeiði fyrir starfsmenn sem vinna við ræstingar á almennum markaði. Áætlað er að námskeiðið fari af stað í október.

Farið verður í grundvallarþætti við ræstingar s.s skömmtun hreinsiefna, efnisfræði hreinsief-

na, líkamsbeitingu og vinnuhagræðingu.

Námskeiðið verður Eflingarfélögum að kostnaðarlausu og mörg fyrirtæki greiða starfsmönnum laun á meðan námskeiðinu stendur.

Skráning og nánari upplýsingar veitir Ingunn Þorsteinsdóttir á skrifstofu Eflingar í síma 510-7500 eða í tölvupósti inga@efling.is

[illegible]

Fjöldauppsagnir í Áburðarverksmiðjunni

Stöppum stálinu hvert í annað

- Rætt við Guðmund Jóhannson, vélgæslumann
og Hafþór Pálsson, verkstjóra



Aukin ökuréttindi

Leigubifreiðar, vörubifreiðar, hópferðabifreiðar
Eflingarfélagar athugið!

Aukin ökuréttindi - Auknir atvinnumöguleikar

Ökuskóli S.G. Heldur dagnámskeið fyrir fólk af landsbyggðinni eða aðra sem geta nýtt sér styttri og hnitmiðaðri námskeið

Ökuskóli S.G. Námskeið til aukinna ökuréttinda hefjast á 5. vikna fresti allan ársins hring.

Skráningar í sínum 581 1919, 822 3810 og 892 4124
Hagstætt verð og góðir greiðsluskilmálar
Visa og Euro raðgreiðslur til allt að 36 mánaða

Ath! Mörg stéttarfélög taka að hluta þátt í kostnaði fyrir sína félaga.



Guðmundur hefur unnið hjá fyrirtækinu í tæp 16 ár en Hafþór í 6 ár.

Starfsfólk sem vinnur við framleiðslu í Áburðarverksmiðjunar í Gufunesi var boðað á fund með Haraldi Haraldssyni stjórnarformanni 20. ágúst s.l. þar sem tilkynnt var um væntanlegar uppsagnir um 40 starfsmanna vegna samdráttar og erfiðleika í samkeppnisstöðu fyrirtækisins.

Að sögn Guðmundar og Hafþórs, talsmanna starfsfólksins, höfðu menn átt von á einhverjum uppsögnum en þessi fjöldi kom okkur gjör-samlega á óvart. Þetta þýðir að alls verða 15 starfsmenn eftir hjá fyrirtækinu. Þeir segja að menn taki þessu misjafnlega vel. Sumir starfsmenn hafi unnið í verksmiðjunni áratugum saman jafnvel frá unglingsaldri og þekki ekkert annað. Auðvitað skapar þetta kvíða og van-líðan en við reynum að vera róleg og stappa stálinu í hvort annað. Annars er erfitt að segja hver viðbrögðin verða endanlega fyrr en uppsagnabréfin hafa verið afhent formlega sem verður um mánaðarmótin ágúst-september. Það var haft á orði á fundinum að starfsmenn fengju alla hugsanlega aðstoða við að finna ný störf. Þeim leist vel á þá tilhögun af hálfu fyrirtækisins.

Starfsmenn hafa verið í sambandi við Eflingu til að kynna sér réttindi starfsmanna við þessar aðstæður. Þá komu Sigurður Bessason og Þórunn Sveinbjörnsdóttir á fund starfsmanna og ræddu málin við þá. Talsmenn starfsmanna sögðust áfram njóta ráðlegginga hjá Eflingu þar til málinu er lokið.

HVER ÞJÓNAR þínu öryggi?



YDDA/SJA

*Það er fátt eins mikilvægt í lífinu og öryggi.
Þess vegna áttu rétt á að fá örugga leiðsögn og fyrsta
flokks þjónustu þegar tryggingamál þín eru annars vegar.
Komdu eða hafðu samband, við gerum alltaf okkar besta.*



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN HF

þegar mest á reynir!

Aðalstræti 6 - 8 • 101 Reykjavík • Sími 515 2000 • www.tmhf.is

Skemmtilegur kostur í vetur

Helgardvöl í orlofshúsum Eflingar



Í vetur verður fjöldi glæsilegra húsa í boði fyrir félagsmenn. Hægt er að dvelja yfir helgi eða lengur, allt eftir óskum félagsmanna. Flest húsin sem í boði eru með heita potta en vinsældir þeirra húsa hafa aukist svo um munar. Byrjað er að taka á móti bókunum en félagsmaður hefur 3 daga til að greiða og ganga frá samningi eftir að bókun hefur átt sér stað.

Við viljum að gefnu tilefni taka fram að óheimilt er að lána öðrum hús á sínu nafni. Þeir sem taka hús á leigu eru ábyrgir fyrir því og ber þeim að sjá til þess að hús séu vel þrífín í lok dvalar og vel sé skilið við húsin.

Nánari upplýsingar um húsin er hægt að nálgast á heimasíðu Eflingar stéttarfélags www.efling.is

Húsin í vetur

Eftirtalin orlofshús verða til útleigu fyrir félagsmenn í vetur:

Kirkjubæjarklaustur	3 hús
Íbúðir á Akureyri	6 íbúðir
Svignaskarð í Borgarfirði	13 hús
heitir pottar	
Hvammur í Skorradal	1 hús
Húsafell í Borgarfirði	3 hús
heitir pottar	
Úthlíð í Biskupstungum	3 hús
heitir pottar	
Flúðir	1 hús
heitur pottur	

Bein leiga hjá umsjónarmanni á staðnum

Illugastaðir	2 hús
Ölfusborgir	10 hús
heitir pottar	

Verðalisti

Helgarleiga

Almennt verð
kr. 6.500.-

Hús með heitum pottum
kr. 7.500.-

Minni hús í Svignaskarði
kr. 6.500.-

Hvammur í Skorradal
kr. 10.500.-

Þetta þarft þú að vita!



Helgarleiga miðast við fimmtudag til sunnudags eða föstudag til mánudags.

Tímabil vetrarleigu er frá 14. september 2001 – 1. maí 2002. Páskar eru undanskildir.

Ekki áhrif á punktastöfnun

Vetrarleiga hefur ekki áhrif til frádráttar á punktastöfnun félagsmanna.

Hvert á ég að snúa mér?

Ef þið hafið áhuga á að fá orlofshús til leigu í vetur hafið þá vinsamlega samband í síma 510 7500.

Ölfusborgir og Illugastaðir

Vakin er athygli á því að hús í Ölfusborgum og á Illugastöðum eru leigð beint af rekstrarfélögunum á staðnum. Sími í Ölfusborgum er 483 4260, opið virka daga nema miðvikudaga 13.00 - 16.30 og sími á Illugastöðum er 462 6199. Aðrir bústaðir og íbúðir eru bókaðar í síma 510 7500.

Tölvunámskeið

Gyðu Atladóttur



**Eflingarfélagar
fá 10% afslátt
af listaverði**

Tölvugrunnur

kr. 16.900

Helstu hugtök einkatölvu. Uppbygging og hlutverk stýrikerfa. Notkun lyklaborðs, músar, diskadrifs, prentara, skanna. 20 kennslustundir

Word I

kr. 16.900

Grundvallaratriði ritvinnsluforrita. Innsláttur texta og leiðréttingar. Útlitsmótun stafa, efnisgreina, blaðsíðna. Prentun. 20 kennslustundir

Word II

kr. 17.900

Staðsetning og notkun mynda í ritvinnsluskjali. Stöðluð stílsnið texta og málsgreina. Notkun og uppsetning flýtihnappa. Töflur og dálkar. Haus- og fótlína. 15 kennslustundir

Excel I

kr. 16.900

Grundvallaratriði töflureikna. Innsláttur gagna og tilfærsla. Gerð formúla og myndrita. Útlitsmótun. Prentun. 20 kennslustundir

Excel II

kr. 17.900

Framsetning tölulegra upplýsinga á myndrænan hátt. Flóknari formúlugerð og föll. Síun og röðun. Tengingar á milli skjala. 15 kennslustundir

Power Point

kr. 16.900

Gerð vandaðra glæra, litskyggna, námsgagna fyrir skjásýningar. Notkun bakgrunna og mynda. Hreyfing og hljóð. 20 kennslustundir

KENNSLA FER FRAM Í TÖLVUVERI

Borgarholtsskóla

Hvert námskeið er haldið á einu af fimm kvöldum vikunnar frá kl. 18:00-22:00



Skráning og upplýsingar í síma 863 1029



Nú haustar að

Rökkur og rólegheit!

Nú er hinum hefðbundna sumarleyfistíma landsmanna að ljúka og rökkur að leggjast yfir á kvöldin. Þá eru margir sem nýta sér þá möguleika sem haustið og veturinn bjóða upp á í sumarhúsunum. Ásókn í húsin á þessum tíma hefur stóraukist og eru sum þeirra nánast nýtt allan ársins hring. Sífellt fleiri taka hluta orlofsins sem vetrarfrí og má reikna með að það aukist enn á næstu árum þar sem skólaárið er að smálengjast, skólarnir byrja nú kringum 20. ágúst og standa fram í júní. Þetta hefur í för með sér að minni ásókn verður í orlofshúsin í byrjun og lok hins hefðbundna orlofstíma og

eykur það aftur möguleika þeirra sem ekki eru með börn á skólaaldri.

Við viljum minna félagsmenn á að kynna sér hvað í boði er og panta hús tímanlega. Í þessu blaði er kynning á þeim húsum sem til leigu eru í vetur.

Haust- og vetrardvöl í sumarhúsi getur verið mjög notaleg og í raun margt í boði víðast hvar. Margir kjósa að njóta kyrrðar og myrkurs, láta líða úr sér í heitum potti og lesa í stjörnuhjartan himinninn eða kúra undir teppi með góða bók þó úti gnaði vetrarhríð.

Gönguferð í haust- og vetrarstillum er líka hressandi og heilsusamleg.

Vert er að vekja athygli á þeim hættum sem geta fylgt því að vera með börn þar sem heitir pottar eru. Rík ábyrgð hvílir á foreldrum og forráðamönnum í slíkum tilfellum að fylgjast stöðugt með og skilja börnin ekki eftir ein að leik í pottunum. Ávallt skal gæta að hitastigi í pottunum áður en farið er í þá og fylgjast með innrennslishita.

Verum á varðbergi og forðumst óhöpp, þá verður dvölin ennþá ánægulegri!



Margir kjósa að njóta kyrrðar og myrkurs, láta líða úr sér í heitum potti og lesa í stjörnuhjartan himinninn eða kúra undir teppi með góða bók þó úti gnaði vetrarhríð





Vika símenntunar

Vika símenntunar 3. – 9. september

Ísland og umheimurinn - tungumál og tölvukunnátta

Starfsmenn Eflingar kynna fræðslumöguleika á viku símenntunar 2000

Vika símenntunar verður haldin í annað sinn hér á landi dagana 3.- 9. september nk. MENNT – samstarfsvettvangur atvinnulífs og skóla sér um skipulagningu og framkvæmd vikunnar í samvinnu við símenntunarmiðstöðvar víða um land.

Þema Viku símenntunar að þessu sinni er *Ísland og umheimurinn - tungumál og tölvukunnátta*. Markhópur hennar eru allir þeir sem vilja bæta við sig þekkingu í tungumálum og tölvukunnáttu hvort sem hún á að nýstast í atvinnulífinu, tómstundum, á ferðalögum eða í samskiptum almennt. Auk þess verður lögð áhersla á almenna hvatningu og kynningu á mikilvægi símenntunar.

Dagskrá Viku símenntunar verður fjölbreytt þannig að hún höfði til sem flestra en einn dagskrárliður er svokallaður símenntunardagur 6. sept. Þann dag er gert ráð fyrir að fyrirtæki nýti til að kynna starfsmönnum sínum möguleika á símenntun, ekki síst tungumála- og tölvunámi. Efling mun heimsækja nokkra vinnustaði á þessum degi - og reyndar alla vikuna til að kynna starf sitt að fræðslumálum. Þeir sem óska eftir að fá fulltrúa félagsins á kynningu er bent á að hafa samband við Garðar eða Þórinni á skrifstofu Eflingar í síms 510-7500.

Laugardaginn 8. september varður síðan haldinn hátíð í Kringlunni þar sem námsframboð á sviði tölvu- og tungumála verður kynnt sérstaklega. Starfsafl – fræðslusjóður Eflingar og Flóafélaganna – mun verða með sérstakann kynningarbás á hátíðinni þar sem Eflingarfélagar geta fengið upplýsingar um framboð á

ýmiss konar námi á vegum félagsins ásamt möguleikum á beinum styrkjum til námskeiða.

Vinnuvélanámskeið

Réttindanámskeið fyrir allar gerðir og allar stærðir vinnuvéla

Kvöld og helgarnám



Ný námskeið vikulega

Aukin ökuréttindi
(meira-próf)

Kvöld og helgarnám

Upplýsingar gefur skólastjóri Svavar Svavarsson ökukennari, alla daga í
síma 588 45 00 & 89 8 39 03

Skoðanakönnun

Hvað segja trúnaðarmenn Eflingar?



Um helmingur trúnaðarmanna með e-mail Nánast allir trúnaðarmenn lesa félagsblaðið

Á síðastliðnum vetri voru haldnir kvöldfundir með trúnaðarmönnum félagsins sem þóttu takast mjög vel. Voru trúnaðarmennirnir boðaðir eftir starfsgreinum þannig að þeir trúnaðarmenn sem starfa í samskonar eða líkum greinum voru saman á fundi.

Tilgangur með þessum fundum var m.a. að trúnaðarmenn gætu kynnst innbyrðis og treyst sambandið á milli sín annars vegar og forystunnar og skrifstofu félagsins hins vegar. Einnig er það mikilvægt fyrir forystu félagsins að heyra sjónarmið og kynnast viðhorfum trúnaðarmanna til hinna ýmsu mála.

Trúnaðarmennirnir eru tengiliðirnir á milli vinnustaðanna og skrifstofunnar og þekkja öðrum betur sjónarmið félaganna á sínum vinnustað og geta því miðlað þeim áfram til félagsins. Fundina sóttu 117 trúnaðarmenn félagsins.

Skoðanakönnun

Á þessum fundum var gerð skoðanakönnun, reyndar ekki mjög formleg eða vísindaleg. Könnunin snerti nokkur atriði sem talið var æskilegt að fá vitneskju um s.s. um tölvueign trúnaðarmanna, hvað þeir lesi helst í fréttablaði félagsins og um þátttöku þeirra í félagsstarfinu almennt. Niðurstöður eru áhugaverðar

Tölvueign

Á heimili 90 trúnaðarmanna af þessum 117 er tölva en, aðeins 69 þeirra sögðust nota hana.

Alls 65 trúnaðarmenn höfðu tölvupóststengingu. Það að tæplega helmingur þeirra sem hafa aðgang að tölvum eru ekki nettengdir, skýrir það að einhverju leyti hvað trúnaðarmennirnir nota heimasíðu félagsins lítið. Ef þetta er spegilmynd af þeim fjölda félagsmanna sem eru tengdir netinu þá vantar nokkuð á að heimasíðan nýtist eins og til er ætlast sem miðill til félagsmanna.

Blaðið

Blað félagsins er mikið lesið. Nær allir trúnaðarmennirnir lesa blað félagsins þegar það kemur og allt efni blaðsins virðist vekja áhuga þeirra. Nær allir lesa um kjaramál, um málefni félagsins, viðtöl og um fræðslumál og námskeið. Annað efni er mismikið lesið en samt mjög mikið miðað við þessa könnun.

Þátttaka í félagsstarfi

Flestir trúnaðarmannanna sækja félagsfundi. Af þeim 117 sem spurðir voru sækja 100 félagsfundi reglulega. Tiltölulega fáir þeirra fara í ferðalögin með félaginu, en það eru aðrir félagsmenn sem það gera því þau njóta mikilla vinsælda. Sama er að segja um jólatrés-skemmtunina. Þangað koma fáir trúnaðarmenn en það verður að skoða í ljósi meðalaldurs þeirra. Hinsvegar nýta þeir sér mjög mikið fræðslustarf félagsins eins og félagsmenn almennt sem er ákaflega mikilvægt.

Eftir þessa könnun verður ekki annað sagt en að trúnaðarmenn félagsins sé virkur hópur sem hefur áhuga á því sem félagið er að gera og eru þátttakendur í störfum þess frá degi til dags.

Leyfðu okkur
að bera

ábyrgðina með þér

F PLÚS

Yfir 22.000 íslenskar
fjölskyldur hafa valið **F PLÚS**
viðtækustu fjölskyldu-
trygginguna og nýtt sér kosti
hennar. Hringdu og fáðu nánari
upplýsingar í síma 560 5000.

Með F PLÚS færðu m.a:

Viðtækustu fjölskyldutrygginguna
Afslátt af öðrum tryggingum
Afslátt af öryggisvörum
Viðtæka ferðatryggingu
Aðgang að ýmsum tilboðum
og margt fleira.



Vátryggingafélag Íslands, Ármúla 3, 108 Reykjavík, **Þjónustuver 560 5000**, www.vis.is

þar sem tryggingar
snúast um fólk

Sjúkrasjóður - samanburður

Fjölskyldu- og styrktarsjóður félagsmanna Eflingar - stéttarfélag sem starfa hjá Reykjavíkurborg

Í kjarasamningi Eflingar - stéttarfélags og Reykjavíkurborgar sem gildir frá 1. febrúar 2001 áttu sér stað miklar breytingar á veikinda- og slysarétti borgarstarfsmanna. Félagsmenn Eflingar hafa nú sama veikinda- og slysarétt og aðrir opinberir starfsmenn eða allt að 360 daga (eitt ár) á fullum launum eftir 18 ára starf.

Peir sem tóku laun eftir kjarasamningi Dagsbrúnar og Framsóknar - stéttarfélags

Starfsaldur:	Veikindaréttur var:	Nýr veikindaréttur:
Starfstími 0 til 1 mánuður	0 dagar	14 dagar full laun
Á öðrum mánuði	2 dagar	
Á þriðja mánuði	4 dagar	
Næstu 3 mánuði	6 - 12 dagar	35 dagar full laun
6 til 11 mánuðir	12 - 22 dagar	119 dagar full laun
Eftir 1 ár	30 dagar á fullum launum	133 dagar á fullum launum
Eftir 3 ár		30 dagar á fullum launum og 30 dagar á daglaunum
Eftir 5 ár		30 dagar á fullum launum og 60 dagar á daglaunum
Eftir 7 ár	Sama	175 dagar á fullum launum
Eftir 12 ár	Sama	273 dagar á fullum launum
Eftir 18 ár	Sama	360 dagar á fullum launum

*Starfsmenn á sersamningum um kaupauka fengu einn mánuð til viðbótar.

Peir sem tóku laun eftir kjarasamningi Sóknar

Starfsaldur:	Veikindaréttur var:	Nýr veikindaréttur:
Starfstími 0 til 1 mánuður	5 dagar þar af daglaun 2 daga	14 dagar full laun
Á öðrum mánuði	10 dagar þar af daglaun 2 daga	
Á þriðja mánuði	15 dagar þar af daglaun 2 daga	
Næstu 3 mánuðir	30 dagar full laun	35 dagar full laun
Eftir 6 mánuði	45 dagar full laun	119 dagar full laun
Eftir 1 ár	55 dagar full laun	133 dagar full laun
Eftir 3 ár		65 dagar full laun
Eftir 5 ár		90 dagar full laun og daglaun 30 dagar
Eftir 7 ár	Sama	175 dagar full laun
Eftir 10 ár		90 dagar full laun og daglaun 50 dagar
Eftir 12 ár	Sama	273 dagar full laun
Eftir 15 ár		100 dagar full laun og daglaun 80 dagar
Eftir 18 ár	Sama	360 dagar full laun

Vegna þessarar miklu aukningar á veikindarétti fyrir starfsmenn Eflingar hjá Reykjavíkurborg breytast réttindi í nýjum sjúkrasjóði því framlag Reykjavíkurborgar í sjúkrasjóð Eflingar sem m.a. hefur staðið undir greiðslum sjúkradagpeninga fyrir félagsmenn lækkar úr 1% af öllum launum í 0,30% eða um

70%. Af því leiðir að styrktarkerfi Eflingar gagnvart þessum félagsmönnum tekur breytingum.

Styrkir sem starfsmönnum Reykjavíkurborgar gefst kostur á hjá hinum nýja sjóði eru eftirtaldir:

Eftir a.m.k. 3 mánuði í starfi:

- Grunnskoðun hjá Krabbameinsfélaginu.

Eftir 12 mánaða samfelldt starf:

- Styrkir vegna endurhæfingar (sjúkraþjálfun / kírópraktor/sjúkranudd)
- Styrkir vegna líkamsræktar
- Framhaldskoðun hjá Krabbameinsfélaginu
- Áreynslu/pólpróf hjá Hjartavernd
- Styrkur til námskeiðs til að hætta reykingum
- Styrkur vegna endurhæfningar á Heilsustofnun í Hveragerði
- Sjúkradagpeningar eru greiddir í sérstökum undantekningartilvikum
- Fæðingarstyrkur og glæraugnastykur falla niður

Mikilvægt er að skila starfsvottorði til launagreiðanda til mats á veikindarétti:

Um mat á ávinnsurétti (starfsaldur sem menn geta flutt með sér til Reykjavíkurborgar) segir m.a. í nýja kjarasamningni:

„Við mat á ávinnsurétti starfsmanns skal auk þjónustualdurs hjá Reykjavíkurborg einnig telja þjónustualdur hjá stofnunum ríkis, sveitarfélögum og sjálfseignarstofnunum sem kostaðar eru að meirihluta til af almannafé. Á fyrstu 3 mánuðum samfelldrar ráðningar skal þó fyrri starfsaldur skv. þessari grein ekki metin nema viðkomandi starfsmaður hafi samfelldan þjónustualdur hjá framangreindum launagreiðendum í 12 mánuði eða meira.“

Það er því afar mikilvægt að starfsmenn borgarinnar skili starfsvottorðum frá „opinberum“ aðilum til launagreiðanda síns til að sanna veikindarétt sinn. Þá þarf líka að skila starfsvottorðum milli stofnana borgarinnar, þar sem stofnanir hennar hafa ekki aðgang að starfsferilsskrám eða launagreiðslum annarra stofnana.

Smelltu á www.efling.is

MFA og Efling-stéttarfélag

100 ensku-námskeið

Efling-stéttarfélag hefur gert þjónustusamning við Mími-Tómstundaskólann um að halda allt að 100 enskunámskeið fyrir félagsmenn Eflingar-stéttarfélags í húsakynnum félagsins að Sætúni 1. Kennst verður á daginn. Námskeiðin munu hefjast í byrjun október. Lágmarksfjöldi í hópa er 8 nemendur. Verð námskeiðanna er sérstaklega hagstætt. Námskeið sem er 20 kennslustundir að lengd kostar 14.000.-Félagsmenn Eflingar-stéttarfélags eiga rétt á endurgreiðslum á námskeiðsgjaldi á bilinu 60-75%. Þetta þýðir að námskeiðið kostar þátttakandann sjálfan ekki nema á bilinu 3.500-5.600 kr. Námskeiðin eru af fjórum gerðum. Námskeið ætlað byrjendum með enga eða mjög litla undirstöðu í málinu verða á fimmtudögum frá kl. 10.30-12.00 og 13.00-14.30. Námskeiðið ætluð þeim sem hafa lært ensku áður á miðvikudögum frá kl. 10.30-12.00. Námskeið í talmáli ætluð þeim sem hafa einhvern grunn í ensku, en vilja aukna talþjálfun á þriðjudögum frá kl. 10.30-12.00 og miðvikudögum frá kl. 13.00-14.30, og námskeið í tal-



Frá undirskrift samnings við MFA um 100 enskunámskeið

máli fyrir lengra komna á mánudögum frá kl. 10.30-12.00

Skráning á námskeiðin fer fram hjá Mími-Tómstundaskólanum í síma 588-7222. Rétt er að geta þess að verið sé að sækja um á enskunámskeið Eflingar. Stöðumat mun verða haldið fyrir þá sem eiga erfitt með að gera sér grein fyrir hvaða hópur hentar þeim best.

Mímir-Tómstundaskólinn býður Eflingarfélögum einnig upp á fjölbreytilegt úrval kvöldnámskeiða í tungumálum. Venjulegt tungumálanámskeið kostar kr. 19.400.-. Félagsmenn Eflingar-stéttarfélags eiga rétt á endurgreiðslum sem nema 60-75%, þegar þeir hafa lokið námskeiði. Greiðslur félagsmanna fyrir hvert námskeið á kvöld eða eftirmiðdögum eru því á bilinu 4.850.- til 7.760.-



LÁTTU ÞÉR LÍÐA VEL

við sjáum um fjármálin

Heimilislínan er viðtæk fjármálaþjónusta fyrir einstaklinga og heimili sem hægt er að sníða að þörfum hvers og eins. Þjónustan er ætluð skilvísium viðskiptavinum sem vilja nýta sér fjölbreytt þjónustuúrval bankans á hagstæðum kjörum. Í þjónustunni felst m.a.

- **Hærrí innlánsvextir**
- **Allt að 500.000 kr. yfirdráttarheimild** á Gullreikningi án ábyrgðarmanna
- **Lægri vextir** á yfirdráttarheimild og eingöngu er greitt fyrir nýtt heimild
- **Visa Farkort** eða **MasterCard Heimskort**
- **Aðgangur að Heimilisbankanum** á Internetinu
- **Allt að 500.000 kr. skuldabréfalán** til allt að fimm ára án ábyrgðarmanna
- **Allt að 1.000.000 kr. reikningslán** á hagstæðum kjörum
- **Greiðsluþjónusta** með útgjaldadreifingu, mánaðargjald
- **Útgjaldadreifing** í Heimilisbankanum á Internetinu
- **Netklúbbur** Heimilislínu
- **Húsnæðislán** til allt að 25 ára
- **Ódýrari bílalan** Lýsingar
- **Ekkert árgjald**

HEIMILISLÍNA
EINFALDAR FJÁRMÁLIN

www.bi.is



BÚNAÐARBANKINN
Traustur banki



Spennandi nám í Mími-Tómstundaskólanum

Töfrar Tékklands, myndasögugerð og ýkjusögur meðal nýmæla

Haustönn Mímis-Tómstundaskólans fer senn að hefjast og mun skólinn að venju bjóða upp á mikið úrval námskeiða. Nú er evrópskt tungumálaár og má því vekja athygli á hinum mikla fjölda tungumálanámskeiða sem skólinn hefur í boði. Mímir-Tómstundaskólinn er fjölmennasti tungumálaskóli landsins sem býður upp á mikið úrval tungumálanámskeiða og í mörgum þeirra geta nemendur stundað nám margar annir hjá kennurum sem flestir eiga tungumálið sem þeir kenna að móðurmáli.

Að venju býður skólinn upp á ný námskeið á haustönn. Fyrst má telja hin vinsælu námskeið Jóns Böðvarssonar íslenskufræðings sem haldin eru í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ. Á þessari önn mun Jón halda þrjú námskeið í Íslendingasögum. Fyrst má telja námskeið um Eyfirðingasögur, annað námskeið kallast „Nokkrar ýkjusögur“ en þar á meðal er tekin fyrir Flóamannasaga. Þriðja námskeiðið fjallar um „Sturlungu“ þ. e. Íslendingasögu Sturlu Þórðarsonar, sem Jón kennir ásamt Magnúsi Jónssyni.

Svo má telja nýtt námskeið sem ber nafnið „Sjálfsþekking, markmið og starfsval“. Leiðbeinandi er Fjóla María Lárusdóttir. Markmið námskeiðsins er að þátttakendur öðlist aukna sjálfsþekkingu, þekkingu á leiðum til að auka

aðlögunarhæfni sína, auka færni í að setja sér markmið bæði í einkalífi og starfi, innsýn í eigin áhugasvið og hæfnisþætti og að lokum að þátttakendur öðlist þekkingu á uppbyggingu ferilskráa og atvinnuviðtala. Einnig er í boði nýtt námskeið sem ber heitið „Samskiptavandamál á vinnustað“, þar sem fjallað er um deilur og áreitni sem getur komið upp á vinnustað og víðar. Þetta námskeið verður haldið 25. sept. kl. 9-12. Umsjón hefur Rannveig Einarsdóttir. Þ. 4. okt. kl. 13-17 verður haldið nýtt námskeið í umsjón Ingibjargar Guðmundsdóttur sem nefnist „Að kenna fullorðnum“.

„Töfrar Tékklands og perlurnar í Prag“ er heiti á námskeiði sem haldið verður 11. okt. kl. 20-23. Þar munu Pavel Manásek og Anne Kristine Magnúsdóttir kynna og fjalla um menningu og þjóðlíf Tékklands.

Af öðrum nýjungum má nefna matreiðslu- og vinnámskeið sem haldin verða í samvinnu við veitingahúsið Sommelier.

Af nýjum tómstundanámskeiðum má nefna námskeið í gerð jólakransa, sem haldið verður 21. nóv. kl. 18:30-22:30. Umsjón hefur Helga Rún Pálsdóttir. „Gerð teiknimyndasagna“ er heiti á nýju námskeiði fyrir unglinga sem Ingi Jensson leiðbeinir á. Markmið námskeiðsins að kenna tæknina við myndasögugerð og kenna þátttakendum að byggja upp myndasögu og ljúka við gerð hennar.

Hafðu því samband við Mími í síma 588 72 22 ef tungumál eða önnur áhugamál sem kynnt eru í plakati skólans eru á döfinni hjá þér í haust.

Hautnámskeið 2001

SKRÁNING HAFIN Í SIMA 588 9505

11. september

Keramik: lærið þurrburstun, frjálst val á hlut.
Perlusaumur: grunnnámskeið.

18. september

Dúkkusaumur: saumið skemmtilega tuskudúkku
(ath. tvö kvöld, þetta er fyrra kvöldið)

19. september

Trémálun: málaður er fallegur hurðarkrans
með skyggingum ofl.

23. september

Keramik: þurrburstun
Prívíðarrámmar

25. september

Dúkkusaumur: seinna kvöld
Silkímálun: grunnaðferðir kenndar

30. september

Quilttækni: fyrir Husqvarna tölvuvélar



Allar nánari upplýsingar um námskeiðin okkar eru
að finna á glænýrri og glæsilegri heimasíðu okkar

www.volusteinn.is

 **VÖLUSTEINN**
fyrir fima fingur

Mörkinni 1
108 Reykjavík
Sími 588 9505
www.volusteinn.is

REKJÓR



HEIMILISIÐNAÐARSKÓLINN

LÆRIÐ ÞJÓÐLEGT HANDVERK HJÁ SÉRHÆFÐUM KENNURUM

Þjóðbúningasaumur: saumið sjálf upphlut eða peysuföt undir handleiðslu viðurkenndra kennara. Námskeið hefst í viku 37 (10.-16. september) með máltökutíma en síðan er verkleg kennsla einu sinni í viku í 10 vikur.

Almennur vefnaður: hér gefst almenningi kost á að læra undirstöðu atriði vefnaðar og uppsetningu vefstóla: 36 kennslustunda námskeið frá miðjum september.

Önnur námskeið sem fyrirhuguð eru hefst í september og október: spjaldvefnaður, tóvinna, möttulsaumur, baldýring, knipl, útsaumur, jurtalitun

Nýung: „Vinnuhelgar“ stutt námskeið (t.d. blómstursaumur, skattering og perlusaumur, flauelskuður) tilvalin fyrir saumaklúbba eða vinnustaðahópa.

Innritun og upplýsingar um námskeið skólans eru í **síma 551-7800**, mánudaga, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-13 og í **síma 551-5500**, mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-18.

Bréfsími skólans er 551-5532 og tölvupóstfang skólans er hfi@islandia.is.



Félagsmálafræðsla Eflingar – stéttarfélags

Trúnaðarmannanámskeið og önnur félagsleg námskeið veturinn 2001 – 2002

- sérsniðin framhaldsnámskeið fyrir trúnaðarmenn í fyrsta sinn

Í vetur mun Efling bjóða uppá trúnaðarmannanámskeið I fyrir nýja trúnaðarmenn og þá sem ekki hafa sótt námskeið hjá félaginu. Einnig munum við vera með Trúnaðarmannanámskeið II fyrir þá sem hafa lokið fyrsta námskeiðinu. Þá munum við í fyrsta sinn bjóða uppá sérhæfð styttri trúnaðarmannanámskeið sem verða sérsniðin fyrir Eflingarfélag og er ætlað fyrir þá sem hafa lokið námskeiði I og II.

Á þessum sérhæfninámskeiðum verður farið í valda þætti sem miklu máli skiptir að trúnaðarmenn hafi einhverja þekkingu á. Fyrir áramót verða tvö tveggja daga sérhæfinganámskeið. Annarsvegar námskeið þar sem farið er í viðtalstækni og skoðaðar eru leiðir til að taka á ágreiningi á markvissan og árangursríkann hátt. Hinsvegar verður um að ræða tveggja daga námskeið þar sem farið verður yfir sögu og hugmyndafræði verkalyðshreyfingarinnar og kynning á helstu verkefnum hennar. Eftir áramót verða sérhæfð trúnaðarmannanámskeið þar sem farið verður yfir tryggingarkerfið, þ.m.t. lífeyrissjóði, sjúkrasjóði og almennar tryggingar og samspil þessara þátt. Síðara námskeiðið eftir áramót mun taka á vinnustaða-

samningum, framleiðni og lestri á ársreikningum fyrirtekja.

Meðfylgjandi eru dagsetningar námskeiðana en einnig verða send út bréf til trúnaðarmanna fyrir hvert námskeið.

Munið að trúnaðarmenn eiga samningsbundinn rétt á að sækja þessi námskeið (eina viku eða 40 stundir á ári) en samráð verður að hafa við yfirmann tímanlega. Trúnaðarmenn skulu halda dagvinnulaunum hjá sínum vinnuveitanda á námskeiðstímanum.

Trúnaðarmannanámskeið I

29.10.2001 - 02.11.2001

18.02..2002 - 22.02.2002

Trúnaðarmannanámskeið II

5.11.2001 - 9.11.2001

25.03.2002 - 29.02.2002

Smelltu á www.efling.is

Sérhæfni trúnaðarmannanámskeið

- Viðtalstækni og lausn ágreinings 15. og 16. nóv.
- Saga og hugmyndafræði hreyfingarinnar 26. og 27. nóv
- Tryggingar og lífeyrissjóðir 8. apríl 2002
- Framleiðni og ársreikn. 22. og 23. apríl 2002

Námskeiðin eru öll haldin í húsnæði Eflingar að Sætúni 1. Kennt er frá kl 9:00 til 16:00 og boðið er uppá mat í hádeginu.

Trúnaðarmenn! Munið að skrá ykkur tímanlega s. 510-7500.

Sjálfstyrkingarnámskeið

Sjálfstyrkingarnámskeið á vegum Eflingar hafa alltaf verið mjög vinsæl meðal almennra félagsmanna. Námskeiðin eru þriggja daga og standa frá kl 19:00 – 22:00.

Efling stendur að tveim sjálfstyrkingarnámskeiðum í haust og tveim eftir áramót. Fyrri námskeiðið á þessu ári verður 1., 6., og 8 nóvember en síðara námskeiðið dagana 27. og 29. október, og 4. desember. Dagsetningar á námskeiðum eftir áramót verða annarsvegar 22., 24. og 29 janúar en hinsvegar 2., 7. og 12. mars.

Námskeiðin eru haldin í kennsluhúsnæði Eflingar að Sætúni 1 (4. hæð) og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500.

Foreldrafræðsla

Efling mun nú í fyrsta sinn standa fyrir foreldrafræðslu í samstarfi við Menningar- og fræðslusamband alþýðu. Námskeiðið er ætlað öllum áhugasömum Eflingarfélögum sem vilja kynna sér leiðir að því að verða betra og ábyrgara foreldri í flóknu og margbrotnu samfélagi dagsins í dag. Tekið verður á hlutum eins og um hvað uppeldi snýst, tekið á mikilvægi hvatningar og örvunar og hvað einkennir góð samskipti milli barna og fullorðinna. Námskeiðið verður haldið laugardaginn 10. nóvember frá kl. 13:00 – 17:00, og eftir áramót þann 2. mars. Námskeiðin eru haldin í kennsluhúsnæði Eflingar að Sætúni 1 (4. hæð) og skráning er hjá Eflingu í síma 510-7500.

Starfslokanámskeið

Hin vinsælu starfslokanámskeið verða áfram hluti af félagsmálafræðslu Eflingar á komandi vetri. Námskeiðið, sem eru ætluð Eflingarfélögum sem eru að nalgast eftirlaunaaldur, standa yfir í þrjá daga þ.e. tvo eftirmiðdaga frá kl 19:00 – 22:00 og einn laugardag frá kl 10:00 til 14:30. Fyrri námskeiðið verður dagana 23., 25. og 27. október, en síðara námskeiðið dagana 20., 22. og 24 nóvember.

Athugið að öll félagsmálanámskeið á vegum Eflingar eru félögum að kostnaðarlausu. Skráning og upplýsingar eru hjá Eflingu í síma 510-7500 eða með tölvupósti efling@efling.is

Félagsmenn Eflingar

Kynnið ykkur afslættina!

Fræðsluaðilar bjóða félagsmönnum Eflingar ýmsa afslætti

Tölvuskóli Reykjavíkur Faxafeni 10 (s. 561-6699) veitir Eflingarfélögum þriðjungsafslátt af listaverði. Skólinn gefur út sérstaka verðskrá fyrir Eflingarfélga. Einnig má nalgast upplýsingar á heimasíðu skólans sem er www.tolvuskoli.is

Tölvu og verkfræðipjónustan Grensásvegi 16 (s.520-9000) veitir Eflingarfélögum 15% afslátt af öllum námskeiðum sem eru 18 klst. eða styttri. 10% afsláttur er veittur af námskeiðum sem eru 19-30 klukkustundir að lengd og 5% af öðrum námskeiðum. Afsláttur miðast við að greitt sé að fullu innan 5 daga frá upphafi námskeiðsins. Einnig má nalgast upplýsingar á heimasíðu skólans www.tv.is

Hradlestrarskólinn veitir Eflingarfélögum 10% afslátt. Upplýsingar eru í síma 565-9500, einnig má fá upplýsingar á heimasíðu skólans www.hradlestrarskolinn.is

Iðntæknistofnun veitir Eflingarfélögum 10% afslátt af námi sem stofnun býður uppá s.s. nám fyrir rannsóknarmenn, gerð myndbanda, að semja með árangri o.fl.

Tölvunámskeið Gyðu Atladóttur veitir Eflingarfélögum 10% afslátt af öllum námskeiðum.

Frábær Alpaferð!

Þorpið hennar Heiðu skoðað



Frá Arnarhreiðrinu



Pálína Guðmunds og Erla Steingrims á góðri stund í Innsbruck

Seinni Alpaferð Eflingar-stéttarfélags var farin 10.júní –17.júní sl. Farið var á sömu slóðir og í fyrri ferðinni sem sagt var frá í síðasta Eflingarblaði. En að auki var farið og dansað við Týrolamúsík í Alpa-hoteli þar sem hópurinn skemmti sér frábærlega. Í Sviss var þorpið hennar Heiðu skoðað og ekið að litlum sveitabæ þar sem umhverfið og húsið hefur verið gert upp í anda Heiðubókanna og ganga þar geitur um tún en Heiða og Pétur sitja inni hjá afa og læra. Þessi staður var frábær og ánægjuleg að sjá að ein af Heiðubókunum sem þýdd hefur verið á íslensku var í upplýsingakassa á svæðinu. Flestum þótti eftirminnilegast að koma í Arnarhreiðrið (Brectsgarten) í Ölpunum en þar eru minjar frá lokum síðustu heimstyrjaldar afar lifandi. Sviss stóð fyrir sínu og var ferðin á Santisfjall þar hápunktur þeirra daga.

Það var ánægður hópur sem kom heim eftir skemmtilega ferð.



Efling-stéttarfélag

Viðtalstímar lögfræðinga

Minnt er á viðtalstíma lögfræðinga félagsins. Lögfræðingar frá Lögfræðiskrifstofu Atla Gíslasonar, þ.e. Atli Gíslason eða Karl Ó. Karlsson eru til viðtals á skrifstofum Eflingar á hverjum þriðjudegi frá kl. 13.00 - 16.30. Lára V. Júlíusdóttir er til viðtals fyrir félagsmenn annan hvern miðvikudag frá kl. 14.00 - 16.30.

Smelltu á www.efling.is

Láttu ekki rafmagnið klófesta þig



Tíu ráð um rafmagnið

1. Munið eftir að slökkva á eldavelinni strax eftir notkun.
2. Takið raftæki úr sambandi þegar þau eru ekki í notkun.
3. Látið skipta strax um skemmdan rafbúnað.
4. Setjið aldrei sterkari peru í lampa en hann er gerður fyrir.
5. Hendið gömlum rafbúnaði sem er farinn að láta á sjá.
6. Reynið ekki að gera það sem aðeins fagmenn ættu að gera.
7. Prófið lekastraumsrofann nokkrum sinnum á ári.
8. Gætið þess að raftæki sem eiga að vera jarðtengd séu það.
9. Varist að staðsetja ljós of nálægt brennanlegu efni.
10. Gefið gaum að merkingum raftækja.

Þú berð ábyrgð á ástandi þess rafbúnaðar sem er á þínu heimili. Ef þú hefur minnsta grun um að eitthvað sé athugasemjulegt skaltu leita hjálpar hjá löggiltum rafverktaka.



LÖGGILDINGARSTOFA
Rafmagnsöryggisdeild

Borgartún 21, Sími: 510 1100, Fax: 510 1101, www.is.is

Vinnusetur fyrir ungt fólk á krossgötum

Mun gleðjast með hverjum einasta sem finnur farveg út í lífið

- segir Þorbjörn Jensson, forstöðumaður og fyrrum landsliðsþjálfari



Þorbjörn Jensson, við húsið þar sem Vinnusetrið verður staðsett á lóð Landspítala Háskólasjúkrahúss í Kópavogi.

Fjölsmiðjan sem er samstarfsverkefni sveitafélaga á stór-Reykjavíkursvæðinu, Menntamálaráðuneytis, Félagsmálaráðuneytis, Rauðakross Íslands og Vinnumálastofnun tók til starfa í vor. Henni er ætlað að aðstoða ungt fólk á aldrinum 16 til 24 ára við að finna sér farveg í lífinu. Að sögn Þorbjarnar Jenssonar fyrrverandi landsliðsþjálfara í handknattleik og nýráðins forstöðumanns verkefnisins hefur það farið vel af stað.

Ég er ný kominn frá Danmörku þar sem ég kynnti mér hliðstæða starfssemi og hef sannfærst um að það er mikil þörf fyrir svona starf hér heima. Oft er það þannig að þegar krakkar útskrifast úr 10. bekk eða hætta í skóla vita þau ekkert hvað þau langar að gera og leggjast bara yfir vídeó og einhverja vitleysu en eins og allir vita þarf maður að vinna til að hafa framfærslu.

Með Vinnusetrinu skapast tækifæri fyrir krakkana til að kynna starfsgreinum sem gætu vakið áhuga þeirra og þau gætu starfað við í framtíðinni og ef það tekst er tilgangnum náð. Ég vil taka það fram að það eru margir með það í huga að þetta sé enn ein meðferðarstofnunin en svo er alls ekki. Fjölsmiðjan er vinnusetur fyrir ungt fólk sem er á krossgötum og þeir sem koma til með að sækja um vinnu hérna og eru 18 ára og eldri þurfa annað hvort að vera á atvinnuleysisbótum eða félagslegum bótum til að fá inngöngu en þeir sem er 16 og

17 ára þurfa bara að hafa verið í grunnskóla. Þessa dagana er unnið að fullum krafti að undirbúningi starfseminnar og nú er ljóst að við fáum afhent húsnæði á lóð Landspítalans Háskólasjúkrahúss í Kópavogi 1. september og þá verður strax ráðist í að innrétta það.

Hugmyndin er að vera með trésmiðadeild, garðyrkjudeild, járnsmiðadeild og skrifstofu og tölvudeild. Þá er ætlunin að vera með umönnunardeild og hústjórnardeild þar sem m.a. verður kennd matreiðsla, saumaskapur og ýmislegt fleira. Einnig verðum við með deild þar sem bílar verða þrífir. Þetta eru þau verkefni sem krakkarnir koma til með að taka þátt í til að byrja með og svo verður þjóðfélagsfræðsla og fræðsla um meðferð peninga en þeir sem koma í Vinnusetrið fá greidd laun fyrir sína vinnu. Hverri deild verður stýrt af faglærðu starfsfólki. Það sem mér þótti athyglisverðast hjá Dönnunum var að könnun sem þeir gerðu sýndi að allt að 80% þeirra sem komu í Vinnusetrin fóru í skóla eða út á vinnumarkaðinn sem er mjög góður árangur.

Ég mun gleðjast með hverjum þeim sem finnur sér farveg út í lífið eftir að hafa dvalið hjá okkur sagði Þorbjörn að lokum og við óskum honum alls hins besta í því mikilvæga starfi sem hann hefur tekist á við sem er kannski ekki svo ólíkt starfinu sem hann gengdi áður sem var að þjálfa ungt fólk í að vinna til sigurs.



Borgarverkfræðingur
Skúlatúni 2 · 105 Reykjavík
Sími 563 2310 Fax 562 4034



Orkuveitan hefur frá stofnun sinni átt frumkvæði að eða verið þátttakandi í fjölda stórra og smárra listviðburða og menningartengdra uppákoma sem oft á tíðum hafa náð út fyrir landssteinana. Þar hafa listamönnum verið gefnar frjálsar hendur í einhverri tiltekinni sköpun sem stuðlað hefur að fjölbreyttari og frjórri menningarflóru á Íslandi.

Orkuveitan mun halda áfram á sömu braut og stuðla að skynsamlegri nýtingu þessarar menningarauðlindar þjóðarinnar.



Efling og atvinnuleysisdeild

Nýtt fólk í starfslið og stjórn

Nokkrar breytingar hafa orðið á starfsliði Eflingar-stéttarfélags og atvinnuleysisdeildar sem starfar í tengslum við félagið.

Nýr stjórnarmaður í félaginu frá aðalfundi í vor er **Vilhjálmur Bragason** sem starfar hjá Mjólkursamsölnunni og er trúnaðarmaður félagsins hjá fyrirtækinu. Sagt var frá því hverjir hurfu úr stjórn í síðasta fréttablaði Eflingar.

Sólveig Guðmundsdóttir lét af störfum hjá úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta í sumar en en hún hefur undanfarin ár unnið við atvinnuleysistryggingar og þar áður hjá eldri félögum en hún réðist til starfa hjá Dagsbrún árið 1991.

Þórir Daníelsson hefur verið bókavörður Bókasafns Dagsbrúnar í hlutastarfi síðan 1996 er safnið flutti í Skipholt 50d. Hann lét af störfum í sumar.

Kristín Margrét Sigurðardóttir hefur starfað á skrifstofu Eflingar síðan 1998 lét af störfum í lok júlí. Hún hefur starfað við síma- og almennt skrifstofustörf (mynd á næstu síðu).

Efling þakkar þessum starfsmönnum góð og vel unnin störf.



Elín Baldursdóttir



Sigríður Ólafsdóttir



Vilhjálmur Bragason



Sólveig Guðmundsdóttir



Laufey Jóhannsdóttir



Þórir Daníelsson

Elín Baldursdóttir réðst til starfa við atvinnuleysistryggingar hjá Úthlutunarnefnd nr. 1 í lok maímánaðar. Elín starfaði áður hjá Endurskoðunarskrifstofunni Bókun sf. í Kópavogi.

Sigríður Ólafsdóttir kom til starfa hjá Eflingu í byrjun júlímánaðar. Hún er stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi og hefur m.a. unnið hjá Íslandspósti. Hún er ráðin til síma- og skrifstofustarfa.

Laufey Jóhannsdóttir var ráðin snemma á þessu ári til starfa við ræstingar í húsnæði Eflingar og Starfsafls.

Smelltu á www.efling.is



Kristín Margrét Sigurðardóttir

Vona að góður starfsandi hafi skilað sér til ykkar

Kæru félagsmenn,

Nú þegar ég læt af störfum á skrifstofu Eflingar-stéttarfélags, vil ég nota tækifærið til að kveðja ykkur og þakka fyrir mig.

Þetta hafa verið mjög lærdómsrík og ánægjuleg ár. Ég hef tekist á við ólíkustu mál og hitt mjög margt fólk sem er ekkert nema elskulegheitin.

Starfsandinn á skrifstofu Eflingar er frábær og alltaf er stutt í bros þótt álagið sé gífurlegt og erillinn mikill.

Starfið á skrifstofu Eflingar er ekki alltaf ein-tómur dans á rósum en ég ætla ekki að tína neitt sérstakt til í því. Það sem stendur upp úr er gott samstarf við fólkið á skrifstofunni, trún- aðarmennina og ykkur sem hringt hafa og komið.

Ég vona að þessi góði starfsandi og samstað- an á skrifstofunni hafi skilað sér til ykkar og muni gera það áfram.

Hafið það sem allra best og leitið óhikað til Eflingar með mál ykkar, því ég veit að þar er tekið vel á móti ykkur.

að huga að framhaldsnámi?

Tækniskóli Íslands Háskóli atvinnulífsins

Frumgreinadeild

Undirbúningur að námi á háskólastigi
Einnig hraðferð fyrir stúdenta

Tæknifræði

Sjö anna nám sem lýkur með B.Sc. gráðu:

- Byggingatækni
- Iðnaðartækni
- Rafmagnstækni
- Tölvu- og upplýsingatækni
- Vél- og orkutækni

Iðnfræði

Þriggja anna nám að loknu iðnnámi og prófi úr undirbúningsdeild Tækniskóla Íslands.

- Byggingaiðnfræði
- Rafiðnfræði
- Véliðnfræði

Iðnrekstrarfræði

Fjögurra anna diploma nám

Alþjóðamarkaðsfræði

Tveggja anna B.Sc. nám að lokinni iðnrekstrarfræði

Vörustjórnun

Tveggja anna B.Sc. nám að lokinni iðnrekstrarfræði

Meinataekni

Átta anna B.Sc. nám

Geislafræði (Röntgentækni)

Átta anna B.Sc. nám

tækniskóli Íslands

Höfðabakka 9, 110 Reykjavík,
sími 577-1400, fax 577-1401, www.ti.is



Samstilltur ferðahópur fyrir framan hús Eflingar í Sætinu

Vestfjarðarferð Eflingar 22.-24. júní sl.

Þar sem hafræna strýkur vit og vanga

- eftir Guðmund Sæmundsson

Jónsmessudagur 24. júní. Ferjuskipið Baldur öslar stafalygnu Breiðafjarðar frá Brjánslæg í átt til Stykkishólms eftir stutta viðdvöl í Flatey þennan eftirmiðdag. Meðal farþega er 59 manna hópur frá Eflingu-stéttarfélagi eftir velheppnaða Vestfjarðarferð með góðu fólki og í einstakri veðurlíðu. Það er því ánægður hópur sem er á heimleið með Baldri í dag. Það er eins og einhver værd færist yfir mannskapinn á siglingunni meðan Barðaströndin bláanar í norðrinu og styttest í ferðalok. Ef að brugðið er upp skyndimynd af ferðinni gæti hún verið á þessa leið:

Í upphafi ferðar var fyrst komið til Hólmavíkur þar sem litið var inn á galdrasýningu. Næst var ekið vestur yfir Steingrímsfjarðarheiði og krækt fyrir ótal firði sunnan Djúpsins á leiðinni til Ísafjarðar. Íslensk kjötsúpa og herbergi beið hópsins á sumarhótelu Menntaskólans á Ísafirði og í Gamla gistihúsinu. Um kvöldið nutum við útiveru og kvöldkyrrðar á Ísafjarðargötum uns farið var í háttinn.

Næsta morgunn var haldið til Bolungarvíkur og litið við í sjóbúðum Ósvarar og eins var athyglisvert náttúrugripasafn skoðað. Eftir hádegi var haldið um Vestfjarðargöngin til Súgandafjarðar, Suðureyrar og út í Staðardal, fallegt umhverfi, með gamalli kirkju og tveim bújörðum, Bæ og Stað, en handan fjarðarins blasti Gölturinn við augum, eitt fallegasta fjall

við sjávarsíðu Íslands. Undir kvöld steig hópurinn um borð í hraðbáta þeirra Hafsteins og Kiddýar, og siglt var yfir Djúpið í Jökulfjörðu sem var að flestra dómi hápunktur ferðarinnar. Nokkur „innlögn“, var í Djúpinu á norðurleiðinni sem gerði siglinguna enn æsilegri svo að við sem vorum í minni bátinum nutum svo sannarlega sjávarloftsins á siglingunni og þær Inga og Bobba urðu hreinlega að táningum, þegar svöl hafrænan strauk þeim um vit og vanga meðan farkosturinn brunaði „blítt og létt“.

Siglt var upp undir fjöruborð á Hesteyri og einnig á Stekkseyri, litlu innar, þar sem ennþá má sjá völdugan verksmiðjureykháf bera við bratta hlíð, en á Hesteyri bar mest á læknishúsinu þar sem Daníel læknir byrjaði að grúska í sonnetum Shakespears á fyrri hluta síðustu aldar. Um kvöldið borðuðum við góða máltíð í gamla pakkhúsinu í Neðstakaupstað sem kvað vera byggt 1734, enda magnað andrúmsloft í því húsi.

Á Jónsmessudagsmorgun var ekið frá Ísafirði í einstakri lognkyrrð, um Önundarfjörð, Dýrafjörð og Arnarfjörð, yfir Dynjandisheiði og Tröllaháls til Brjánslægjar á Barðaströnd, um borð í Baldur og áður er getið.

Við Sigrún, konan mín þökkum ánægulega ferð, þar sem þær Ingunn og Anna Soffía fóru á kostum að ógleymdum Böðvari bílstjóra.



Eyjabakkar, Snæfell og Vallarnes í frábæru veðri

Hrífandi og fróðleg ferð um Austurland

Fimmtudaginn 26.júlí fóru 84 ferðafélagar af stað í Austfjarðaferð Eflingar-stéttarfélags. Lagt var af stað í frábæru veðri sem hélst síðan alla ferðina. Ekið var um Norðurland með viðkomu á Akureyri og Mývatni en síðan ekið að Eiðum þar sem gist var í 3 nætur.

Daginn eftir var ekið að Borgarfirði Eystra með viðkomu í fjörunni í Njarðvíkum og Hvangili sem er ægífagurt gljúfur. Í Borgarfirði var gengið um plássíð og Álfasteinn heim-sóttur en síðan var ekið inn vegaslóðanum að Loðmundarfirði en þaðan er fjallasýn hreint frábær. Með í för var Jóhanna Sigmarsdóttir sem sagði frá staðhátum en hún er sóknarprestur á Eiðum og fyrrum leiðsögumaður í ferðum.

Næsta dag var ekið inn að Eyjabökkum og gengið að Eyjabakkafossi. Þetta svæði er gróið og afar fallett og sannkölluð útivistarparadís. Þaðan lá leiðin að Snæfellsskála þar sem nestið var borðað og nokkrir fóru í stutta gönguferð að Snæfelli. Þá var ekið um stórbrotið svæði Hrafnkelsdals að Jökuldal.

Á sunnudeginum var ekið að Vallarnesi þar sem búskapur er allur unnin lífrænt og hefur Vallarnes fengið vottun um lífræna ræktun. Þar er framleitt bygg, byggmjöl, kartöflur, rófur, gulrætur og grænkál auk þess sem unnar eru olíur við ýmsum kvillum með því að blanda jurtaefnum í olíurnar. Framleiðsan vinnur undir merkinu Móðir Jörð. Á jörðinni hefur verið plantað út 800.000 trjám. Þessi heimsókn var

ein af þeim athyglisverðari í ferðinni. Þaðan var ekið um suðurfirðina með markverðir staðir skoðaðir. Síðasta nóttin var á Höfn en þaðan lá leiðin til Reykjavíkur með viðkomu í Hoffellsdal þar sem gabbrónámurnar voru skoðaðar auk Hoffellsjökuls. Flestir fengu sér smá steina úr gabbró og var það til þess að gantast með að nú ættum við öll lítinn seðlabanka. En gabbróið er m.a. notað í veggklæðningu á Seðlabankabygginguna. Tekin var gönguferð í Skaftafelli en þar var um 18 stig hiti og sól og einstök veðurbliða. Þannig lauk þessari hrífandi og fróðlegu ferð félaga Eflingar um Austurland.



Vinnustaðaheimsókn

Delta hf í örum vexti

Lyfjafyrirtækið Delta hf var stofnað árið 1981. Upp frá þeim tíma hafa umsvif fyrirtækisins aukist mjög mikið og nú er Delta hf stærsti lyfjaframleiðandi á Íslandi og er leiðandi í þróun og sölu samheitalyfja á alþjóðlegum mörkuðum og hefur markaðaleyfi fyrir lyf í yfir 20 löndum. Ný verksmiðja var opnuð í nóvember 1998 í Hafnarfirði og var hún byggð með það að markmiði að standast samanburð við bestu verksmiðjur í lyfjaframleiðslu erlendis. Síðastliðið vor festi Delta hf kaup á lyfjafyrirtækinu Pharmamed á Möltu til að renna enn styrkari stöðum undir framtíðarvöxt og rekstur fyrirtækisins. Framleiðslan er fjölbreytt og er töfluframleiðsla stærsti þátturinn en einnig eru framleidd önnur lyfjaform s.s. hylki, stungu- og innrennslislyf, mixtúrur, og krem og stílar. Um 400 manns starfa nú hjá fyrirtækinu bæði innanlands og erlendis. Eflingarblaðið var á ferðinni nýlega hjá Delta og ræddi við starfsmenn um fyrirtækið, starfsanda, launakjör og fleira.



Vera Lind Þorsteinsdóttir

Farið eftir tillögum starfsmanna

Pegar við komum í verksmiðjuna á Reykjavíkurvegi 78 hittum við Veru Lind Þorsteinsdóttur sem hefur unnið hjá fyrirtækinu í tæp 13 ár við margþætt störf. Hún er ræstiteknir, sér um innkaup á ýmsum vörum og hefur umsjón með öllum fatnaði og þvotti starfsfólks á vinnustaðnum. Fyrst spurðum við hana hvort ekki hefði orðið miklar breytingar á fyrirtækinu síðan hún hóf störf þar?

Jú, það hafa orðið þvífíkar breytingar. Þetta var svona hálfgerð fjöldskyldufyrirtæki til að byrja með en síðan hefur það vaxið mjög ört bæði vegna byggingar nýrrar verksmiðju sem er ein hin fullkomnasta sinnar tegundar og svo með kaupum á lyfjafyrirtæki á Möltu þannig

að fyrirtækið virðist ganga alveg glymrandi vel.

Aðstaða fyrir starfsfólk hefur alltaf verið að batna. Fólk kemur með tillögur og það er farið eftir þeim. Starfsandinn er góður og allir eru vinir og spjalla saman. Þetta er orðið það stórt fyrirtæki að maður þekkir ekki alla með nafni en ég man eftir flestum andlitum.

Ég vinn frá átta til fjögur fimm daga í viku.

Ertu sátt við launin?

Já, það má eiginlega segja það. En er maður nokkurn tíman alveg sáttur? Það er dýrt að lifa og ég vil endilega að það verði samið um hærri laun næst.

Hvert fórstu í sumarfrí?

Ég fór ásamt dóttur minni og barnabarni í sumarbústað sem Delta á í Húsafelli. Það var yndislegur tími og svo fór ég í styttri ferðir út úr bænum en annars var ég mest heima.



Skarphéðinn Orri Björnsson

Ágætur starfsandi

Skarphéðinn Orri Björnsson hefur unnið hjá fyrirtækinu í rúm þrjú ár og er verkstjóri í töfluslætti. Hann sagði að töflurnar væru búnar til úr dufti sem sett væri í töfluvél sem pressar það saman og úr yrði tafla. Svo erum við líka með hylkjavél sem fyllir á hylki. Þekkt lyf sem við framleiðum m.a. eru Magniltöflur, Parkodín, og Íbúfen sem eru verkjalyf. Svo gæti ég nefnt rúmlega 100 tegundir í viðbót. Við flytjum mikið af lyfjum út og langmest fer til Þýskalands. Einnig fer mikið til Danmerkur, Englands og annara Evrópulanda og alla leið til Ástralíu.

Vinnuaðstaðan er mjög góð og starfsandinn er ágætur en það er búið að vera mikið álag á starfsfólkinu síðastliðið ár vegna þess að fyrirtækið hefur verið í örum vexti en samt hefur þetta gengið alveg þokkalega. Vinnutímin er mismunandi eftir deildum. Í framleiðslunni er unnið á þrískiptum vöktum allan sólahringinn en það er bara hluti starfsfólksins sem vinnur þannig.

Þarf ekki að gæta mikils hreinlætis á svona vinnustað?

Jú, hreinlætið þarf að vera í fyrirrúmi og

sumir starfsmenn þurft að skipta um vinnufatnað oft á dag, sérstakalega þeir sem vinna við blöndun og það getur farið mikil tími í að þvo sér um hendurnar.

Stundum er mér hugsað til þess að lyfin sem ég er að vinna við að framleiða geta bætt líðan fólks en annars er þetta bara eins og hver önnur vinna en samt með ákveðnum formerkjum.



Edda Ólafsdóttir

Þarf að stækka eins og börnin okkar

Edda Ólafsdóttir, hefur unnið hjá fyrirtækinu í rúm tuttugu ár fyrst við pökkun og frágang og núna sem aðstoðarverkstjóri. Starfið felst í því að koma töflunum í pökkunarvélar, sjá um að umbúðir og merkimiðar séu til staðar, laga smábílun í vélum og annað sem til fellur.

Hvernig er vinnutíminn hjá þér?

Ég er á dagvakt frá átta til fjögur en annars er unnið á þrískiptum vöktum.

Hafa ekki orðið miklar breytingar hjá fyrirtækinu á þessum rúmum tuttugu árum sem þú hefur unnið hér?

Jú afskaplega miklar. Fyrst var bara ein vél í pökkuninni svokölluð glasatalningavél. Hún taldi í eitt glas í einu og svo var því lokað með höndunum. Þá voru miðarnir handstimplaðir og handlímdir á glösin. Svo kom töfluvél með færibaldi sem var töluvert sjálvvirkari og þá hvarf handavinna. Núna er þetta að mestu sjálfvirk.

Þá hefur orðið mikil breyting á stærð fyrirtækisins. Mig minnir að starfsmenn hafi verið um fjórtán talsins þegar ég byrjaði að vinna hér en nú gætu þeir verið um 160 hér á landi og svo er nýbúið að kaupa fyrirtæki á Möltu þannig að í heildina starfa um 400 manns hjá fyrirtækinu. Það fylgja því blendnar tilfinningar að sjá fyrirtækið vaxa svona hratt. Það var svo notalegt þegar við vorum færri en ég veit að fyrirtækið þarf að stækka eins og börnin okkar.

Hvernig er vinnuaðstaða og aðbúnaður fyrir starfsmenn hér í Hafnarfirði?

Vinnuaðstaðan er góð núna eftir að við fluttum

um í þetta húsnæði. Við höfum aðgang að góðu mótuneyti þar sem hægt er að kaupa mat á lágu verði. Svo eru mjög góð búningsherbergi með sturtu og annarri hreinlætisaðstöðu. Einnig útveggar fyrirtækið okkur allan vinnufatnað.

Hvað gera starfsmenn sér til skemmtunar?

Við erum með starfsmannafélag sem hefur staðið fyrir árshátíðum, óvissuferðum leikhúsförum og ýmsu fleira. Svo hefur fyrirtækið boðið til smá fagnaðar eftir að góðri vinnutörn er lokið.

Ertu búin að taka sumarfrí?

Já, ég fór til Bandaríkjanna í brúðkaup ásamt fjölskyldunni og síðan keyrðum við um í nokkra daga. Restin af fríinu fór í að lagfæra ýmislegt heima sem hafði setið á hakanum.



Karl Bergmann Ómarsson

Stundum skipt um föt fjórum sinnum á dag

Karl Bergmann Ómarsson hefur unnið í blöndunardeilinni í sex mánuði. Starfið er fólgið í því að vigta inn hráefni frá lager og blanda því saman og svo er það sent í töflusláttinn. Við þetta þarf að gæta mikils hreinlætis og ég er í sótthreinsuðum búningi með grímu og hanska. Stundum þarf ég að skipta um búning fjórum sinnum á dag þegar skipt er um virkt efni.

Hvernig er starfsandinn?

Hann er mjög góður. Það er ýmislegt gert farið í leikhúsförðir og fleira. Núna er t.d. hóp-ur starfsmanna að fara til London.

Hvernig er vinnutíminn hjá þér?

Ég vinn á þrískiptum vöktum og er á dagvakt núna.

Ertu sáttur við launin?

Já nokkuð sáttur.

Finnurðu fyrir því að þú sért að stuðla að betri líðan fólks með starfi þínu?

Það kemur stundum upp í hugann.

Hefurðu farið sumarfrí í sumar?

Já, ég skrapp til Danmerkur í tvær vikur og fór m.a. á Hróaskelduhátíðina og skemmti mér alveg ljómandi vel.

Veitt verða verðlaun fyrir lausn á krossgátunni. Verðlaunin nema 8.000,- krónum
Lausnir sendist til: Efling-stéttarfélag /Krossgátan • Sæturn 1 • 105 Reykjavík
Svar þarf að berast fyrir 10. október n.k.

Félagsskírteini - afsláttarkjör

Efling-stéttarfélag hefur samið við nokkur verslunar- og þjónustufyrirtæki um afsláttarkjör til fullgilda félagsmanna gegn framvísun félagsskírteinis.

Um er að ræða bæði verslanir og má þar nefna meðal annars Meba í Kringlunni, Stúdíóblóm í Mjódd, Sjónarhól gleraugnaverslun, Barnafataversluninni Ólafía og Oliver í Glæsibæ, Álnabæ ásamt fleiri verslunum. Einnig höfum við fengið afsláttarkjör fyrir félagsmenn hjá Bifreiðaskoðun Fumherja, Hjólbarðahöllinni í Fellsmúla, Smur-bón- og dekkjaþjónustunni Sætúni 4, Bílaleigunni Bónus-Budget og Efnalauginni Björg, öllum útibúum þeirra.


Félagsmenn fá einnig mjög góð kjör hjá Skipholtsapóteki en það veitir bæði afslátt af vörum og allt frá 20% upp í 100% afslátt af lyfseðlum. Athugið að afsláttarkjör gilda ekki á tilboðum og útsölvörum.

Kynnið ykkur afslætti til Eflingarfélaga, í ýmsum verslunum, á heimasíðu félagsins www.efling.is.



Hér afhendir Fjóla Jónsdóttir Antoni Kristvinssyni vinningshafa seinustu krossgátu verðlaunin

Lausn síðustu krossgátu



Parabakka 3 109 Reykjavík

Kennsla til allra ökuréttinda,
Bífhjólapróf og
almennt ökuþróf (B.réttindi).

**Einnig kennsla fyrir ensku
og tailenskumælandi fólk !**

Aukin ökuréttindi

Kennsla á leigu- vöru og hópbifreið
og vörubifreið með eftirvagn.
Hægt er að hefja nám alla miðvikudaga.
Endurbætt kennsluaðstaða.
Reyndir kennarar og góðir kennslubílar.
Aukið við atvinnumöguleikana.
Hringið eða komið og leitið upplýsinga.

Sími 567-0300

E-mail okusk,mjodd@simnet.is



Garðar Vilhjálmsson og Tryggvi Þorsteinsson

Genfarskólinn

Gríðarlega mikil og góð reynsla

- segir Garðar Vilhjálmsson, starfsmaður Eflingar og nemandi skólans í ár

Genfarskólinn er 4 vikna sumarskóli á vegum norrænu verkalyðshreyfingarinnar sem hefur það hlutverk að kynna starfsemi Alþjóða vinnumálastofnunarinnar og Vinnumálapingsins í Genf fyrir félögum í norrænni verkalyðshreyfingu. Alþjóða vinnumálastofnunin er ein af stofnunum Sameinuðu þjóðanna. Um 35 félagsmenn í stéttarfélagunum á Norðurlöndum eiga kost á námi við skólann árlega og yfirleitt eru tveir fulltrúar frá Íslandi. Í ár fóru sem fulltrúar Íslands þeir Garðar Vilhjálmsson starfsmaður Eflingar - stéttarfélags og Tryggvi Þorsteinsson stjórnarmaður í Starfsmannafélagi ríkisstofnana. Eflingarblaðið tók Garðar tali af þessu tilefni og spurði fyrst um tilgang skólans.

Alþjóðasamþykktir mikilvægar

- Genfarskólinn er hugsaður til þess auka þekkingu fulltrúa frá Norðurlöndum á starfi Alþjóðavinnumálastofnunarinnar (ILO) og almennt á stöðu vinnumarkaðsmála í heiminum sem er víða mjög slæm. Þing vinnumálastofnunarinnar staðfestir alþjóðlegar samþykktir sem taka á málefnum launafólks í sinni víðustu mynd og síðan þurfa einstakar þjóðir að staðfesta viðkomandi samþykktir og gera þær þannig bindandi fyrir vinnumarkaðinn. Það er mikil pressa á þjóðir að staðfesta a.m.k. grundvallarsamþykktir stofnunarinnar en eftir slíka samþykkt þurfa þjóðir að skila reglulega skýrslum um ástand heima fyrir á því sviði sem viðkomandi samþykktir taka til. Hlutverk

stofnunarinnar og þingsins er síðan að fylgjast með þróun mála fylgja þessum samþykktum eftir.

Sem dæmi um þá þætti sem samþykktir stofnunarinnar taka á eru afnám barna- og nauðungarvinnu, rétturinn til verkfalla og félagafrelsis og nú á síðasta þingi var gerð samþykkt um öryggi og aðbúnað í landbúnaðarstörfum. En það er merkileg staðreynd að um helmingur alls launafólks í heiminum í dag starfar við landbúnað, og mestur fjöldi dauðaslysa við vinnu verður við landbúnaðarstörf. Alls hafa verið gerðar hátt á annað hundrað samþykktir frá árinu 1919 þegar stofnunin var sett á fót

Baráttan gegn barna og þrælavinnu

Hvar er staða vinnumarkaðsmála talin lökust í heiminum í dag?

- Það er víða sem pottur er brotinn í málefnum launafólks. Á þessu þingi var kastljósinu sérstaklega beint að barna- og nauðungarvinnu í þriðja heiminum s.s. í Búrma en einnig kom forseti Tansaníu á þingið og óskaði eftir stuðningi stofnunarinnar við að uppræta barnavinnu í sínu heimalandi. Þá var einnig mikil og tilfinningaþrungin umræða um morð á fjölda verkalyðsleiðtoga í Kólumbíu en það hefur um árabil verið smánarblettur þar í landi að ýmsir hópar stunda skipulega morð á þeim sem taka að sér trúnaðarstöður fyrir verkalyðshreyfinguna. Sú umræða gekk svo langt að vinnumálaráðherra Kólumbíu lýsti ástandinu heima fyrir hjá sér sem helvíti á jörð – og til þess að undirstrika ástandið fyrir okkur var þarna einn þingfulltrúi frá Kólumbísku verkalyðshreyfingunni sem ferðaðist um í hjólastól. Hann hafði naumlega lifað af sprengjutilræði við sig fyrir örfáum vikum.

Hvernig standa Íslendingar sig miðað við aðrar þjóðir?

- Þrátt fyrir að Íslendingar hafi verið meðlimir að ILO síðan 1945 höfum við aðeins staðfest 22 samþykktir Alþjóða vinnumálastofnunarinnar sem er alls ekki nógu gott. Til samanburðar hafa Norðmenn staðfest 105 samþykktir, og Svíþjóð 88. Við þurfum því að taka okkur á og setja kraft í þessa vinnu hér heima. Við eigum að hafa þá reisu og þá tiltrú á okkar aðstæðum og stöðu launafólks hérlandis að vinnumarkaður hér jafnist á við það besta sem þekktist í heiminum. Í dag erum við sorglega langt frá því.

Við eigum að hafa þá reisu og þá tiltrú á okkar aðstæðum og stöðu launafólks hérlandis að vinnumarkaður hér jafnist á við það besta sem þekktist í heiminum.



Settu hlýjan svip á heimilið eða í sumarbústaðinn. Úrvalið er hjá okkur

Trérimla- gluggatjöld



Víð

- ✦ Mælum.
- ✦ Smíðum.
- ✦ Setjum upp.

Stuttur afgreiðslutími.



Z-brautir & gluggatjöld

Hafðu efni á að brosa - þegar kemur að starfslokum.

- 
- Lífsval er þægileg sparnaðarleið sem tryggir þér ráðstöfunarfé til eftirlaunaáranna.
 - Þú getur valið um þrjár sparnaðarleiðir eftir því hvað hentar þér best.
 - Reynslan sýnir að upphæðin hverju sinni skiptir ekki mestu heldur hitt að byrja strax að leggja fyrir.
 - Taktu ákvörðun núna - það er auðvelt að byrja.
 - Komdu í heimsókn í næsta Sparisjóð strax í dag svo þú getir notið eftirlaunaáranna með brosi á vör.



www.spar.is



SPARISJÓÐURINN
– fyrir þig og þína